




Innan Samtaka iðnaðarins eru rúmlega 1300 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, framleiðslu eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum og í nánú samráði við fyrirtækin sjálf.



Guðrún Hafsteinsdóttir formaður
Kjörís

Kolbeinn Kolbeinsson varaformaður
Ístak

Andri Þór Guðmundsson ritari
Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Bolli Árnason
GT tækni



Sigsteinn P. Grétarsson
Marel

Eyjólfur Árni Rafnsson
Mannvit

Ragnar Guðmundsson
Norðurál

Vilborg Einarsdóttir
Mentor



Lárus Andri Jónsson varamaður
Rafþjónustan

Jón Gunnar Jónsson varamaður
Actavis á Íslandi

Stjórn Samtaka iðnaðarins 2014

Stjórn og varastjórn Samtaka iðnaðarins er skipuð tveimur konum og átta körlum úr röðum félagsmanna. Þau bera ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til xxxxx folegra stjórnarfundu. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.

Nýliðið ár var viðburðaríkt fyrir Samtök iðnaðarins. Þess var minnst að tuttugu ár voru frá stofnun þeirra. Oft hefur verið blásið í lúðra fyrir minna tilefni. Það er líklega ekki á neinn hallað að nefna sérstaklega Harald Sumarliðason sem einn helsta hvatamanninn að stofnun SI. Haraldur var á þeim tíma formaður Landssambands iðnaðarmanna og fann hann vel fyrir þeirri þörf að iðnaður á Íslandi talaði einni röddu. Þannig mælti Haraldur á tíu ára afmæli SI er hann rifjaði upp ávinninginn af sameiningunni:

„Ég fann með þessu mikinn mun á ráðamönnum til hins betra þar sem ég þekkti hvort tveggja. Auðvitað náðum við baráttumálum okkar ekki fram í einu og öllu en viðmótið gerbreyttist til hins betra eftir að við fórum að tala í nafni SI og þannig náðum við frekar eyrum þeirra sem leita þurfti til.“

Á þessum rúmum tuttugu árum sem liðin eru hafa samtökin eflst og dafnað og eru í dag öflugustu atvinnurekendasamtök á Íslandi með um 1300 félagsmenn. Þrátt fyrir tímans rás eru baráttumálin enn þau sömu. Það er að gæta þess í hvívetna að íslensk iðnfyrirtæki búi við góð og samkeppnishæf rekstraraskilyrði jafnt á heimamarkaði sem og í alþjóðlegum samamburði. Við stuðlum að samstarfi fyrirtækja okkar og eflum starf innan faggreinanna.

Það er mikill styrkur okkar allra hversu mörg fyrirtæki kjósa að fylkja sér saman undir merkjum Samtaka iðnaðarins en á sama tíma er það okkur ljóst að breiddin er mikil og nauðsynlegt að finna samnefnara á hverjum tíma fyrir sig.

Það er skoðun flestra að fremur hægt hafi gengið að fá hjól atvinnulífsins til að snúast af krafti á nýjan leik. Þar spila nokkrir þættir inn í sem vert er að nefna svo sem gjaldþrotgjöld, veikur gjaldmiðill, háir vextir, hátt tryggingargjald og síaukna kröfur eftirlitsaðila sem geta reynst sérstaklega smáum fyrirtækjum, erfiður baggi að bera.

Það má þó aldrei láta hjá líða að minnst þess sem vel er gert og fagna samtökin sérstaklega afnámi vörugjalda um síðustu áramót. Það hefur verið eitt helsta baráttumálum samtakanna í mörg ár. Þetta skiptir marga félagsmenn okkar miklu máli.

Ávarp formanns SI



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður SI

Það að horfið sé frá skattheimtu fyrri tíma leggur grunn að gagnsæju og betra starfsumhverfi. Við fögnum öllum skrefum sem stigin eru til góðs og hvetjum stjórnvöld áfram til góðra verka.

Samtök iðnaðarins munu hér eftir sem hingað til standa vörð um íslenskan iðnað og við höldum bjartsýn inn í nýja tíma. Tíma sem fela í sér ótal tækifæri þjóðinni til heilla.

Guðrún Hafsteinsdóttir



Þokkalegur hagvöxtur og mikil kaupmáttaraukning

Undir lok síðasta árs mældist verðbólga aðeins 0,8%. Ef horft er framhjá hækkun húsnæðisverðs er raunar 0,4% verðhjöðnun. Nokkrir samverkandi þættir stuðla að lágri verðbólgu. Í fyrsta lagi hefur gengi krónunnar verið stöðugt og styrktist raunar nokkuð á árinu. Í öðru lagi er verðbólga í viðskiptalöndum okkar mjög lág en hvort tveggja stuðlar að því að verð á innfluttum vörum hérlendis hefur lækkað. Í þriðja lagi má nefna miklar lækkanir á eldsneytisverði og loks má ekki gleyma að kjarasamningar, sem gerðir voru á síðasta ári og fólu í sér 2,8% launahækkun, lögðu sitt af mörkum til stöðugleikans þótt launavísitala hafi hækkað umtalsvert meira. Undir lok ársins hóf Seðlabankinn að lækka vexti en samt sem áður hafa vextir lækkað minna en minnkandi verðbólga gefur til kynna. Þannig jókst aðhaldsstig peningastefnunnar á síðasta ári þegar á allt er lítið.

Samtök iðnaðarins eru nokkuð gagnrýnin á þessa vaxtastefnu enda vinnur vaxtastigið sterklega gegn aukinni fjárfestingu. Hins vegar gefa verðbólguvæntingar stjórnenda í atvinnulífni og almennings þó tilefni til hóflegar bjartsýni og líkur á að verðbólga aukist nokkuð þegar líður á árið 2015. Mesta óvissan er sem fyrr tengd niðurstöðu kjarasamninga en ljóst er að mikil spenna er á vinnumarkaði ekki síst vegna ýmissa kjarasamninga sem ríkið hefur gert við einstaka hópa starfsmanna sinna.

Hagvöxtur

Frá því að hagvöxtur tók að vaxa á ný eftir djúpa kreppu árána 2009 og 2010 hefur framleiðsla vaxið um tæp 10% og framleiðslustig er komið í svipað horf og hámark ársins 2008.

Frá því að hagvöxtur tók að vaxa á ný eftir djúpa kreppu árána 2009 og 2010 hefur framleiðsla vaxið um tæp 10%

Ágætur vöxtur árána 2011-2014 hefur því unnið upp það framleiðslutap sem hlaut af efnahagshruninu. Hagvöxtur á síðasta ársfjórðungi 2014 mældist 2,4% en talið er hagvöxtur þessa árs verði nærri 3%. Hagvöxtur er einkum drifinn áfram af vexti innlendrar eftirspurnar sem aftur skýrist að miklu leyti af auknum kaupmætti og aukinni atvinnu. Atvinnuvegafjárfesting vex talsvert en hins vegar er almennt fjárfestingastig sem hlutfall af landsframleiðslu tiltölulega lágt. Nýlega hefur Seðlabankinn þó leitt að því líkur að fjárfesting kunni að vera vanmetin í þjóðhagsreikningum. Samtök iðnaðarins hafa lagt mikla áherslu á að lágt fjárfestingastig sé einn helsti veikleiki hagkerfisins og það grafi undan framleiðslugetu hagkerfisins til langstíma ef ekki rættist fljótt úr.

Aðstæður á vinnumarkaði batna enn

Atvinnuleysi mælist nú 4,4% samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar. Mælingar Vinnuálagstofnunar gefa nokkru lægri tölur en það skýrist af mismunandi aðferðafærði. Á árinu fækkaði atvinnulausum umtalsvert eða um ríflega 3.000. Á sama tíma fjölgaði þeim sem voru starfandi um ríflega 4.000 þannig að vinnumarkaðurinn er að taka við nýju fólki auk þess sem fækkar í hópi langtímaatvinnulausra. Atvinnuþátttaka fer vax-

andi sem og meðalfjöldi vinnustunda. Allt eru þetta skýr merki um batnandi aðstæður í efnahagslífinu og í takti við hagþróun þótt atvinnuleysi sé enn tiltölulega mikið ef borið er saman við árin fyrir hrun. Laun hafa vaxið umtalsvert á árinu og 12 mánaða hækkun nafnlauna í desember 2014 nemur 6,6%. Á sama tíma stendur verðbólgan í 0,8% og því er ljóst að kaupmáttur vex afar mikið eða um og yfir 5%. Kaupmáttaraukningin er því ein sú mesta sem mælt hefur í mörg ár og raunar

Ljóst er að krefjandi verkefni bíður aðila vinnumarkaðarins að verja á kaupmáttaraukningu í komandi kjarasamningum

úr takti við hagvöxt og aukna framleiðni. Ljóst er að krefjandi verkefni bíður aðila vinnumarkaðarins að verja á kaupmáttaraukningu í komandi kjarasamningum. Einn besti mælikvarðinn á innlenda efnahagsþróun er húsnæðisverð en á höfuðborgarsvæðinu hækkaði verð um 8,6% milli árána 2013 og 2014. Til samanburðar var hækkunin árið 2007 10,8% en þá var umtalsvert spenna á húsnæðismarkaði. Ljóst er að efnahagsreikningur heimillanna hefur batnað umtalsvert upp á síðkastið sérstaklega þegar haft er í huga hversu lág verðbólgan er.

Alþjóðlegar aðstæður

Efnahagsþróun í viðskiptalöndum okkar er einn mikilvægasti áhrifafáttur á hagþróun hér á landi. Hægur bati er í helstu viðskiptalöndum okkar en hann mældist 1,7%. Mestur er krafturinn í Bretlandi og Bandaríkjunum en talsvert hægari vöxtur er á Evrusvæðinu. Lítil hagvöxtur í kjarnaríkjum svæðisins er talsvert áhyggjuefni, einkum á Ítalíu, í Frakklandi og Þýskalandi. Hvað varðar Norðurlönd hefur viðunandi vöxtur verið í Svíþjóð og Noregi þótt lágt olíuverð komi fremur illa við efnahagslífið.

Hægur bati er í helstu viðskiptalöndum okkar en hann mældist 1,7%. Mestur er krafturinn í Bretlandi og Bandaríkjunum en talsvert hægari vöxtur er á Evrusvæðinu.

Minni vöxtur er í Danmörku og stöðnun ríkir í finnsku efnahagslífi um þessar mundir. Sú þróun veldur því almennt að raungengi íslensku krónunnar hækkar og samkeppnisstaðan versnar nokkuð sem því nemur.

Fjölbreyttir fundir og ráðstefnur

Samtök iðnaðarins hafa efnt til fjölda opinna funda og ráðstefna víða um land á liðnu starfsári. Viðfangsefni þeirra eru margvísleg og spanna breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku SI einnig þátt í ýmsum fundum og viðburðum í samvinnu við aðra aðila.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntun og fræðsla, sem nýtist öllu atvinnulífinu, var í sviðsljósinu á Menntadegi atvinnulífsins. Þetta var í fyrsta sinn sem aðildarsamtök í húsi atvinnulífsins efndu til sameiginlegs menntadags. Um 300 manns úr atvinnulífi, stjórnámum og menntakerfinu sátu ráðstefnuna en sérstakur gestur hennar var Dr. Andreas Schleicher, yfirmaður menntamála hjá Efnahags- og framfarastofnuninni OECD.

Efling menntunar og framhaldsfræðslu er brýnt hagsmunamál fyrirtækja því að það eykur samkeppnishæfni þeirra. Á Menntadeginum fjölluðu forráðamenn fjölbreyttra fyrirtækja um mikilvægi menntunar starfsfólks og nauðsynlegar breytingar á menntakerfinu.

Menntaverðlaun atvinnulífsins voru veitt í fyrsta sinn fyrirtækjum sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála. Samskip voru valin sem Menntafyrirtæki ársins 2014 en ferðabjónustufyrirtækið Nordic Visitor var valið Menntasproti ársins 2014.

Fjölmenni á UTmessu 2014

Um 9 þúsund manns sóttu opið hús UT messunnar 8. febrúar. Ríflega 850 manns sátu ráðstefnu UT messunnar sem haldin var á 7. febrúar og tókst afar vel. Í boði voru tugir áhuga-verðra fyrirlestra, sýning, keppnir og kennsla auk þess sem UT verðlaun Ský voru afhent. Skýrslutækni félagið (Ský) stendur að UT messunni í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Microsoft Íslandi og Samtök iðnaðarins.

Málstofa um tengingu vinnustaðanáms og skóla

Málstofa um tengingu vinnustaðanáms og skóla var haldin í Húsi atvinnulífsins 20. febrúar. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, SI, fjallaði um framtíðarsýn iðnaðarins á fjölda vinnustaðanámsrýma úti í atvinnulífinu og Ólafur Jónsson, IÐUNNI ræddi um nýtt markaðstorg varðandi vinnustaðanáms.

Útboðsþing 2014

Árlegt útboðsþing SI um verklegar framkvæmdir var haldið um miðjan febrúar. Fundarsalurinn var þétt setinn að vanda þegar Reykjavíkurborg, Framkvæmdasýsla ríkisins, Faxaflóahafnir, Landsnet, Landsvirkjun, Vegagerðin og Orkuveita Reykjavíkur kynntu fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir. Að útboðsþinginu standa auk SI, Mannvirki og Félag vinnuvélaeigenda.

Málþing um lýsingarhönnun

Í febrúar stóðu Ljóstækni félag Íslands, Samtök rafverktaka og Samtök iðnaðarins fyrir málþingi um lýsingarhönnun í þéttbýli í Tjarnarbíói. Á sama tíma voru innflytjendur ljósabúnaðar með vörusýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur. Atburður þessi var þáttur í Vetrarhátíð í Reykjavík 2014.

Iðnþing SI - Drifkraftur nýrrar sóknar

Fullt var út að dyrum á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins. Mörg áhugaverð erindi voru flutt á þinginu við góðar viðtökur gesta.

Á Iðnþingi var fagnað 20 ára afmæli SI og fjallað um fjölbreyttan iðnað sem drifkraft nýrrar sóknar og endurreisnar íslensks efnahagslífs. Flutt voru þrjú erindi um tækifærin til nýrrar sóknar og hvað þurfi til að byggja upp fjölbreytt og verðmætaskapandi atvinnulíf sem tryggir þjóðinni góð lífskjör. Þá sögðu forráðamenn fjögurra ólíkra iðnfyrirtækja stuttar reynslusögur sem endurspeglu drifkraftinn í íslenskum iðnaði.

Aðalfundur SI var að vanda haldinn að morgni sama dags.

Breytingar á byggingarreglugerð

Fjölmennur morgunverðarfundur var haldinn í mars þar sem kynntar voru helstu breytingar á byggingarreglugerð.

Matvælandið Ísland

Matvælandið Ísland hélt ráðstefnu á Hótel Sögu í mars undir yfirskriftinni *Vöxtur í ferðabjónustu – er maturinn tilbúinn?* Á ráðstefnunni var fjallað um þróun matarferðamennsku hér heima og erlendis og tækifærin sem í henni felast.

Að ráðstefnunni stóðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Bændasamtök Íslands, Íslandsstofa, Matís, Samtök ferðabjónustunnar, Samtök fiskvinnslustöðva og Samtök iðnaðarins.

Málsstofa um orkustjórnun

Á Nýsköpunartorgi í maí var haldin málsstofa um orkustjórnun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum á vegum Staðlaráðs, SI og CleanTech Iceland. Þar kynntu nokkur fyrirtæki hvaða lausnir eru í boði og fjallað um eldsneytisnotkun skipa og bifreiða.

Kynningarfundir um innleiðingu gæðastjórnunarkerfa

Fundurinn var liður í fundaröð sem Mannvirkjastofnun og Samtök iðnaðarins stóðu fyrir um land allt til að kynna kröfu um gæðastjórnunarkerfi sem tók gildi 1. janúar 2015.

Lokafundurinn, sem haldinn var í Reykjavík í október, sátu um 200 aðilar sem tengjast mannvirkjagerð en áður höfðu fundir þess efnis verið haldnir á Egilsstöðum, Akureyri, Sauðárkróki, Ísafirði, Borgarnesi, Stykkishólmi, Reykjanesbæ og Hellu.

Stefnumót íslensks byggingariðnaðar

Á þriðja hundrað komu saman á STEFNUMÓTI íslensks byggingariðnaðar á Grand Hótel 4. október. Fulltrúar atvinnugreina, stofnana og hagsmunaaðila rýndu stöðuna og mátu færar leiðir í átt að umbótum og framförum. Aldrei áður hefur jafn breiður hópur þátttakenda í byggingariðnaði fjallað um það efni. Afrakstur fundarins verður nýttur til að móta sameiginlega stefnu og forgangsraða á vettvangi þeirra fjölmörgu hópa sem starfa í íslenskum byggingariðnaði og í tengslum við hann.



Tækifærin í samstarfi matvæla- og tæknifyrirtækja

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fundi um samstarf matvælaframleiðenda og tæknifyrirtækja í desember. Þar var kynnt skýrsla sem sérfræðingar Sjávarklasans tóku saman undir forystu þórs Sigfússonar og rætt um tækifæri til að þróa slíkt samstarf frekar með það fyrir augunum að efla nýsköpun og auka framleiðni í báðum greinum.

Lean Ísland 2013

Ráðstefnan Lean Ísland 2014 var haldin í maí með mjög góðum árangri og mikilli þátttöku. Fjölmargir erlendir og innlendir Lean sérfræðingar fluttu fyrirlestra en í boði voru tvær fyrirlestrabrotir þar sem áhersla var lögð á Lean stjórnun, hugsun og menningu. SI voru meðal styrktaraðila ráðstefunnar.

Ráðgjafaráðsfundur SI

Í nóvember héldu Samtök iðnaðarins fund með ráðgjafaráði, formönnum og stjórnnum aðildarfélaganna sinna. Þar var fjallað um stöðu kjaraviðræðna og stefnumótun stjórnar SI. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, gerði grein fyrir stöðu kjaraviðræðna og Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI, ræddi stefnumótun stjórnar sem fram fór í október.

Litla Ísland - fundaröð

– vettvangur fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki á Íslandi stóð fyrir fjölsóttri fundaröð um ýmis málefni á árinu. Fyrsti fundurinn var haldinn í febrúar þar sem stefnumótun vettvangsins var kynnt. Meðal þess, sem hæst bar, var að halda á loft mikilvægi lítilla fyrirtækja, skapa virkan vettvangur fyrir þau til að tengjast og læra hvert af öðru, minnka reglubyrði og einfalda skattkerfið. Annar fundur var haldinn í mars um fjármögnun lítilla fyrirtækja. Fulltrúar Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans sóttu fundinn og kynntu þjónustu sem er sérsniðin að þörfum lítilla fyrirtækja. Í nóvember var haldinn fundur um starfsmenntun í litlum fyrirtækjum þar sem leitað var svara við því hvernig fyrirtæki geta styrkt stöðu sína með aukinni menntun starfsfólks.

Starfsmenntamál

Menntahópur Húss atvinnulífsins hóf mánaðarlega hádegisfundum um starfsmenntamál í september. Á fyrsta fundinum voru kynningar á starfsmenntasjóðum og á sameiginlegu umsóknar-eyðublaði auk þess sem tvö fyrirtæki sögðu frá reynslu sinni af umsóknum í starfsmenntasjóði. Fundirnir eru haldnir þriðja þriðjudag hvers mánaðar.

Stefnumót á sviði áliðnaðar

Stefnumót á sviði áliðnaðar fór fram í Háskólanum í Reykjavík í nóvember en þar komu saman hátt í sjötíu fyrirtæki og stofnanir til að ræða nýsköpunarumhverfið og hlýða á orkynningar frá fólkiog fyrirtækjum um þróunarverkefni af ýmsum toga. Markmiðið með stefnumótinu var að fjalla um umhverfi nýsköpunar í áliðnaði og fá fram hugmyndir að samstarfsverkefnum um þarfir og lausnir sem fela í sér tækifæri til framþróunar eða verðmætasköpunar.

Að stefnumótinu stóðu Samtök iðnaðarins og Samál, samtök álfframleiðenda, ásamt íslenska álklasanum.

Allar á iði – aðventugleði kvenna í iðnaði

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, bauð konum í iðnaði til aðventugleði 27. nóvember. Fundurinn var með léttu yfirbragði en markmiðið var að konur, sem starfa í iðnaði, hittist til að ræða saman og tengjast. Fimm kraftmiklar konur úr iðnfyrirtækjum fluttu stutt og áhugaverð erindi sem tengdust starfi þeirra eða starfsframa og liðsmenn Team Spark, sem er Formula Student lið Háskóla Íslands, sögðu frá verkefninu. Allar konur í fyrirtækjum SI voru boðnar velkomnar. Óhætt er að segja að samkoman hafi tekist vel en um 70 konur áttu saman skemmtilega stund.

Seed Forum Iceland - Sprotabing Íslands

Seed Forum Iceland ráðstefnan var haldin í apríl og október í Arion banka. Ráðstefnan er vettvangur sprotafyrirtækja þar sem þau fá tækifæri til að kynna fjárfestum starfsemi sína. Samtök iðnaðarins eru meðal styrktaraðila vettvangsins.

Breytingar hjá Samtökum iðnaðarins



Kristrún Heimisdóttir



Almar Guðmundsson

Almar Guðmundsson tók við sem framkvæmdastjóri SI á sl. ári. Undanfarin fimm ár var hann framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda en þar áður starfaði hann við ýmis stjórnunarstörf innan Íslandsbanka.

Kristrún Heimisdóttir lét af starfi framkvæmdastjóra og henni eru þökkúð góð störf í þágu iðnaðarins.

Í ársbyrjun tók til starfa Rekstrarfélag húss atvinnulífsins sem tók að sér ýmsa stoðþjónustu sem áður hafði verið unnin hjá SI og öðrum undirfélögum SA svo sem bókhald og innheimta. Við þessa breytingu fluttust tveir starfsmenn SI til hins nýja félags en þeir voru Dagmar Elín Sigurðardóttir og María Hallbjörnsdóttir. Samhliða þeirri breytingu voru teknir í notkun þrjár nýir fundarsalir á 1. hæð Borgartúns 35

Hlutverk Rekstrarfélagsins er að veita félögum í Húsi atvinnulífsins alhliða stoðþjónustu og jafnframt að vera andlit hússins. Einn af starfsmönnum félagsins hefur aðsetur í anddyri hússins og tekur á móti þeim sem koma í húsið.

Stjórnarkjör SI



Guðrún Hafsteinsdóttir
Kjörin formaður



Bolli Árnason
Kjörin endurkjörin



Sigsteinn Grétarsson
Endurkjörin



Vilborg Einarsdóttir
Endurkjörin



Eyjólfur Árni Rafnsson
Nýr í stjórn

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI. Kjórið fór fram með netkosningu og úrslit kynnt á Iðnþingi. Vægi félagsmanna tekur mið af félagsgjöldum. Kosningaþátttaka var 85,5%.


Guðrún Hafsteinsdóttir var kjörin formaður Samtaka iðnaðarins og tók við af Svönu Helen Björnsdóttur. Endurkjörin í stjórn voru Bolli Árnason, GT Tækni, Vilborg Einarsdóttir, Mentor og Sigsteinn Grétarsson, Marel. Nýr í stjórn var kjörin Eyjólfur Árni Rafnsson, Mannviti.

Fyrir í stjórn Samtakanna voru Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf., Kolbeinn Kolbeinsson, Ístaki hf. og Ragnar Guðmundsson, Norðuráli ehf.

Ráðgjafaráð

Þeir tveir, sem næstir voru því að ná kjöri til stjórnar, tóku setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn Samtakanna. Þeir eru Jón Gunnar Jónsson, Actavis ehf. og Lárus Jónsson, Rafþjónustunni shf.

Breytingar á lögum



Samtök iðnaðarins hafa tekið saman yfirlit yfir nýsamþykkt lög og breytingar á lögum sem SI hafa látið sig varða.

1. Lög um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og breytingu á fleiri lögum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta).

Með þessum lagabreytingum er bilið á milli skattþrepa í virðisaukaskatti minnkað og undanþágum frá skattinum fækkað. Þá hafa lög nr. 97/1987, um vörugjald, verið felld niður. Loks hafa verið gerðar breytingar á ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er varða barnabætur.

2. Lög um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015.

Lög þessi eru í beinum tengslum við fjárlög 2015 og hafa bæði áhrif á tekju- og gjaldahlíð fjárlaganna. Samhliða þessum lögum voru samþykktar breytingar á lögum um virðisaukaskatt og vörugjald, auk mótvægisáðgerða í formi breytinga á ákvæðum tekjuskattslaga um barnabætur.

3. Lög um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum (viðaukar, tilkynningarskyldar framkvæmdir, flutningur stjórnsýslu).

Með lögunum er leitast til að að mæta athugasemdum EFTA (ESA) sem bárust umhverfisráðuneytinu vegna núgildandi laga um mat á umhverfisáhrifum.

4. Lög um byggingarvörur.

Lögunum er ætlað að tryggja að áreiðanlegar upplýsingar liggi fyrir um eiginleika byggingarvara með tilliti til þeirra grunnkrafna sem mannvirkjum er ætlað að uppfylla, t.d. um öryggi og hollustu. Með því að samræma aðferðir, kröfur og hugtakanotkun í samræmdri Evrópulöggjöf skapast grundvöllur fyrir frjálsu flæði byggingarvara innan Evrópu.

5. Lög um breytingu á lögum um breytingu á lögum 152/2009 mál 405 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Með þessum lagabreytingum var gildistími laganna framlengdur til ársins 2019 en þau hefðu annars fallið úr gildi í árslok 2014. Með lagabreytingunni var einnig skerpt á nokkrum skilgreiningum, umsóknarfrestur færður til 1. október í stað 1. september auk þess sem Ríkisskattstjóra var heimilað að veita Rannís upplýsingar um niðurstöðu skattfrádráttar hjá einstökum fyrirtækjum.

Umsagnir SI er hægt að nálgast á www.si.is

Ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum málefnum

Samtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum efnum. Í því felst að fyrirtækið getur leitað til lögfræðings SI um leið og slíkt vandamál kemur upp. Þar er það greint og leyst ef unnt er en að öðrum kosti gefin góð ráð um næstu skref, t.d. kærur fyrir stjórnsýslunefndum eða málsókn fyrir dómstólum.

Þegar tilefni er til að höfða dómsmál gegn lögaðilum, annaðhvort opinberum aðilum eða einkaaðilum og málfefnið hefur sérstaka almenna þýðingu fyrir viðkomandi iðngrein eða á viðkomandi markaði, tekur stjórn SI ákvörðun um aðild SI að málarekstrinum eða fjárstuðning við þann sem á aðild að málarekstrinum.

Neytendastofa sektar Drífu ehf.

Síðastliðið sumar lagði Neytendastofa einnar milljónar króna stjórnvaldssekt á Drífu þar sem fyrirtækið virti að vettugi ákvörðun stofnunarinnar frá 2013. SI kærðu málið á sínum tíma til Neytendastofu fyrir hönd félagsmanna sinna sem framleiðar og selja íslenskar ullarvörur.

Með ákvörðuninni hafði Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að merkingar Drífu á vörum frá ICEWEAR og NORWEAR teldust villandi fyrir neytendur. Merkingarnar töldust gefa til kynna að um íslenska vöru og íslenska framleiðslu væri að ræða en þær eru framleiddar erlendis og úr erlendum afurðum. Neytendastofa taldi að merkingarnar villtu um fyrir neytendum og væru til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn. Í kjölfar ákvörðunarinnar breytti Drífa ehf. merkingum sínum.

Við eftirgrennslan í verslunum kom í ljós að vörur NORWEAR höfðu verið merktar á ný með villandi hætti. Í ljósi þess að Drífa hafði brotið gegn ákvörðun Neytendastofu taldi stofnunin nauðsynlegt að sekta félagið um eina milljón króna.



Endurskoðun mannvirkjalaga

Mannvirkjaráð SI fundaði reglulega á árinu þar sem unnið var að endurskoðun mannvirkjalaga. Ráðið skilaði inn tillögum að lagabreytingum til Mannvirkjastofnunar og þær eru enn til meðferðar innan stjórnsýslunnar.

Aukið jafnræði á upplýsingatækni-markaði

Embætti Ríkisskattstjóra (RSK) hefur boðað að birtar verði leiðbeiningar um hvernig meðhöndla skal virðisaukaskatt á upplýsingatækniþjónustu fyrir fjármálafyrirtæki. Um er að ræða kaflaskil í áralangri baráttu Samtaka iðnaðarins og Samtaka upplýsingatækniyrirtækja (SUT) fyrir auknu jafnræði á upplýsingatækni-markaði. Í bréfi, sem samtökin sendu Samkeppniseftirlitinu í nóvember sl., kom fram sú skoðun að upplýsingatækniyrirtæki stæðu höllum fæti í samkeppni við Reiknistofu bankanna um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Fyrir lá að fjármálafyrirtækin, sem eru eigendur

Reiknistofu bankanna, höfðu ekki skilgreint hvernig meðferð VSK af upplýsingatækniþjónustu skyldi háttáð líkt og þeim er skylt að gera skv. skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið setti þeim. Því töldu upplýsingatækniyrirtæki að þeim væri ekki kleift að bjóða bönkunum þjónustu án VSK líkt og Reiknistofa bankanna hefur gert.

Skýrar leiðbeiningar frá RSK munu tryggja aukið jafnræði á íslenskum upplýsingatækni-markaði. Þessi niðurstaða, sem fékkst eftir þrýsting og mikla vinnu SI og SUT, er mikill sigur fyrir þau fjölmörgu fyrirtæki sem starfa á þeim markaði.

Menntamáli

Vel menntað starfsfólk á öllum sviðum er forsenda aukins hagvaxtar og velferðar. Hér á landi er mikill skortur á iðn- og verkmenntuðu fólki. Hlutfallslega fáir nemendur innritast í starfsnám og margir ljúka ekki námi á tilsettum tíma. Einungis 12% grunnskólanema völdu starfsnám að loknu grunnskólaprófi síðastliðið haust.

Markmið Samtaka iðnaðarins er að fagmenntuðu fólki fjölgi á næstu árum og verði 25% árið 2025 og 30% árið 2030.

Atvinnurekendur vilja axla ábyrgð og Samtök iðnaðarins leggja því áherslu á umræðu um samfélagslegar skyldur fyrirtækja og mikilvægi þess að taka þátt í að mennta iðnnema. Þannig byggjum við upp þekkingarfyrirtæki í iðnaði sem njóta bæði reynslu eldri og reyndari starfsmanna og nýrrar og frjórrar hugsunar nemanna.

SI vilja tryggja aðkomu atvinnulífs með formlegum hætti í stefnumótun, við gerð námsskráa og ákvörðun um inntak starfsnáms.

Brýnt er að bregðast við knýjandi þörf á að fjölga ungu fólki sem velur að mennta sig innan tiltekinna löggiltra iðngreina og jafnframt að það verði skýr valmöguleiki fyrir fjölbreyttari hóp nemenda en nú er.

Samtök iðnaðarins leggja sérstaka áherslu á þætti sem tengjast umræðu um hvítbók menntamálaráðherra.

Sveinsprófsstúdent - greið leið á háskólastigið

Leiðin frá iðnnámi til brautskráningar á fyrstu háskólagráðu (Bakkalágráðu) verður að vera skýr og greið í huga grunnskólanemenda og foreldra þeirra. Framhaldsskólanámið verði þannig að nemendur sem ljúka sveins- og iðnmeistaránámi, geti hafið nám á háskólastigi innan iðn- og tæknifræðigreina án þess að bæta við sig frumgreinanámi og að iðnmeistaránámið nýtist betur í iðnfræðináminu.

Vinnustaðanám

Tryggja þarf að vinnustaðanámshlutinn aukí gæði námsins og að bætt verði úr því sem virðist hamlandi fyrir nemendur. Í þessum útfærslum er brýnt að starfandi iðnmeistari í viðkomandi grein starfi á vegum skólanna.

Fleiri vinnustaðanámsleiðir

- Greinar með „langt“ vinnustaðanám geti boðið tvær leiðir með lengri og styttri vinnustaðanámshluta og að skólahlutinn breytist í samræmi við það.
- Fyrirtækin taki einnig þátt í styttri leiðinni en endurskoða þarf hvernig því er hagað í samvinnu skóla og fyrirtækja.
- Skólarnir geti boðið fyrri hluta vinnustaðanámsins í skólanum eða skipulagt samstarf við hóp fyrirtækja í atvinnulífinu innan greina þar sem það þykir henta.

Að fyrirtæki geti látið þjálfara og fengið viðurkenndan „iðnmentor“ í stað iðnmeistara og þannig séu tvær leiðir í boði fyrir fyrirtæki sem vilja taka þátt í að mennta nemendur á vinnustað.

Að ferilbækur, sem leiðarboók fyrir nemanda og kennara/meistara/leiðbeinanda yfir verkþætti sem nemandi á að geta sinnt að námi loknu, verði lögbundnar og þarf að vera lokið á fullnægjandi hátt fyrir töku sveinsprófs.

Umsjón með nemanda

Framhaldsskólinn beri ábyrgð á nemanum gegnum allt ferlið til að nemandinn standi aldrei einn og óstuddur (þ.e. sé hvorki hluti af skólasamfélaginu né með samning við fyrirtæki). Þetta krefst mikils samráðs milli framhaldsskóla og fyrirtækja. Það yrði hlutverk fræðslusetra eins og IÐUNNAR og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins sem hafa þá nánú tengingu sem þarf við atvinnulífið að móta þennan vettvang og vera samstarfsaðili framhaldsskólanna.

Sveigjanlegri vinnustaðanámssamningar

Samningar um verknám þurfa að vera sveigjanlegri en nú er til að nemandi geti farið á milli fyrirtækja og fyrirtækin beri ekki ábyrgð á öllu verknámi nemanda. Skoða þarf hvernig hægt er að taka upp frekara „víxlkerfi.“

Stýring - jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar

Að sett verði fjöldamörk fyrir nám á framhaldsskólastigi til að tryggja jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar vinnuafis.

Starfsmenntamáli SI

Allt frá stofnun Samtaka iðnaðarins hefur farið fram mikil umræða og stefnumótandi vinna varðandi starfsmenntamáli. Á undanförunum tveimur árum hefur berlega komið í ljós að eigi iðnaðurinn að geta ráðið til sín faglærða iðnaðarmenn er mikilla breytinga þörf á skipulagi starfsmenntamála. Þó er ljóst að staða þessara iðngreina er um margt ólík bæði varðandi eftirspurn nemenda eftir greinum og eftirspurn eftir fagmönnum innan greinanna.

SI þjóna fjölmörgum atvinnugreinum í iðnaði. Nú eru 28 meistarafélög innan SI og þar eru fulltrúar um 28 löggiltra iðngreina. Sveinspróf hafa verið þreytt í samtals 49 greinum undanfarin 14 ár frá 1999 til ársins 2013. Auk meistarafélaganna eiga fjölmörg stór og öflug fyrirtæki beina aðild að SI með hagsmunum sem taka þarf tillit til.

Nám innan löggiltra iðngreina er breytlegt hvað varðar fjölda nemenda, lengd náms og lengd vinnustaðanáms á mótí skólanámi. Þá eru einnig dæmi um „samkeppni“ milli greina sem veldur dræmri þátttöku í síður vinsælar greinar.

Fámennar greinar eru einkennandi fyrir iðnnám hér á landi. Af 49 löggiltum iðngreinum eru 36 þeirra með færri en 10 brautskráða sveina á ári að meðaltali. Þetta þýðir að námið hefst ekki á hverju ári auk þess sem þessir nemendur dreifast um allt land. Níu greinanna eru með nemendur á bilinu 10 til 50 og einungis fjórar þeirra eru með 50 eða fleiri nemendur að meðaltali á ári. Húsasmíði er langstærsta greinin með 116 sveinsprófsnema að meðaltali, næst er rafvirkjun með 87, þá vélvirkjun með 55 og að lokum hársnyrtifræði með 51 sveinsprófsnema að meðaltali.



Lengd náms innan greinanna er breytlegt. Stysta námsleiðin er 2,7 ár og hin lengsta 4,25 ár. Þá er hlutur vinnustaðanámsins einnig mismikill eða frá 0,5 ári í 2,6 ár. Innan rafiðnaðargreina hafa verið mótaðar tvær leiðir þar sem nemendur geta valið að gera hefðbundinn vinnustaðanámssamning sem tekur eitt ár eða verknámsleið í skólanum þar sem bóknámið er hálfu ári lengra og verklegi hlutinn tekur hálf ári.

Samkeppni er bæði milli greina og innan greina. Þetta á það við um málm- vél-tækni- og framleiðslugreinar, farartækja- og flutningsgreinar og sjávarútvegs- og siglingagreinar sem hafa sameiginlegt tveggja ára grunnnám. Þetta er þó mismunandi eftir skólum og fer eftir því hvaða nám þeir bjóða.

Nú starfa 12 starfsgreinaráð á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. SI eiga aðild að sjö þeirra í gegnum SA: upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, snyrtigreinar, matvæla- veitinga og ferðaþjónustugreinar, bygginga- og mannvirkjagreinar, málm- vél-tækni- og framleiðslugreinar, hönnunar- og handverksgreinar og rafiðngreinar.

Starfsgreinaráðin eru samstarfsvettvangur ráðuneytis, atvinnurekenda, launþega og skóla og hafa meðal annars umsagnarrétt yfir námsskrám og umsjón með sveinsprófum og nemaleyfum.

Auk þess eru þau ráðgefandi varðandi málefni sem tengjast greinum, s.s. við mótun íslenska hæfnisrammans. Starfsgreinanefnd er síðan ætlað að vera samnefni starfsgreinaráðanna og þar sitja formenn þeirra ásamt formanni sem ráðuneytið skipar.

IÐAN fræðslusetur hefur það meginhlutverk að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bílgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málm- og vél-tækni- greinum og upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Til þess tekur á móti IÐAN endurmenntunargjaldi sem greitt er skv. kjarasamningum. Auk þess er IÐAN með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna umsýslu með vinnustaðanámssamninga, sveinsprófs, nemaleyfi, starfsgreinaráð og þjónustu vegna vinnustaðanámssjóðs. IÐAN er í 33% eigu Samtaka iðnaðarins en aðrir eigendur eru önnur atvinnurekendafélög og launþegahreyfingar. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins og Rafiðnaðarskólinn gegna svipuðu hlutverki innan rafiðnaðargreina og eru í eigu SART og RSÍ.

Sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins standa fyrir margs konar viðburðum og styrkja verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensks iðnaðar.

Skúlaverðlaunin 2014

Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta hlutinn í sýningunni Handverk og hönnun. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunin sem kennd eru við Skúla Magnússon, fógeta, frumkvöðul smáíðnaðar í Reykjavík. Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI afhenti Láru Gunnarsdóttur verðlaunin fyrir handgerða smáflugla úr birki.

Fjöreggið á Matvæladegi MNÍ

Fjöregg MNÍ var afhent á Matvæladegi MNÍ í október. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var

upplýsingamiðlun tengd matvælum frá framleiðslu til neytanda, út frá ólíkum sjónarhornum. Í upphafi ráðstefnunnar afhenti Jón Bjarni Gunnarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI, fyrirtækinu Örnú Fjöregg NMÍ. Fjöreggið er verðlaunagripur, sem Gleri í Bergvís hannaði og er veittur á hverjum matvæladegi fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla eða næringar. SI hafa gefið gripinn frá upphafi.

HönnunarMars 2013

HönnunarMars fór fram í sjötta sinn dagana 27.–30. mars í Hörpu. Að þessu sinni voru á annað hundrað viðburðir, innsetningar og sýningar í boði víðs vegar um borgina. Samtök iðnaðarins voru einn af bakhjörllum hátt viðburðarins. Meðal dagskrárliða var sýning húsgagnaframleiðenda í Hörpu og skartgripasýning Félags íslenskra gullsmiða. Báðar sýningar tókust einstaklega vel og má áætla að ríflega 30 þúsund manns hafi lagt leið sína í Hörpu sýningardagana.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 2014 voru veitt við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 13. febrúar. Verkefnið, sem hlaut verðlaunin að þessu sinni, heitir Hjólaleiðir á Íslandi. Verkefnið unnu Eva Dís Þórðardóttir úr Háskólanum í Reykjavík og Gísli Rafni Guðmundsson nemandi í Háskólanum í Lundi, Svíþjóð.

Samtök iðnaðarins eiga fulltrúa í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna sem velja verkefni.

Nýsköpunartorg

Nýsköpunartorgið var haldið í Háskólanum í Reykjavík dagana 23. og 24. maí. Um var að ræða fagráðstefnu um starfs- umhverfi og uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja og sýningu þar sem um 90 fyrirtæki og stofnanir kynntu árangur í nýsköpun. Nýsköpunartorgið var haldið í tengslum við 20 ára afmæli Samtaka iðnaðarins og 10 ára afmæli Tækniþróunarsjóðs.

Ecotrophelia – samkeppni um þróun vistvænna matvæla

EcoTrophelia Ísland er hluti af alþjóðlegri keppni og er vörubróunarkerppni meðal háskólanemenda. Keppnin felst í að þróa vistvæna matvöru en að henni standa Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Matís og Samtök iðnaðarins í samstarfi við íslenska háskóla. Christopher Melin og Páll Arnar Hauksson urðu hlutskarpastir með vöruna Fjöru sem er þaramajónes. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti verðlaunin á Nýsköpunartorgi sem haldið var í lok maí.

Vaxtarsprotinn 2014

Datamakett ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2014 sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis á síðasta ári. Fyrirtækið jók sölutekjur sínar milli árána 2012 og 2013 um 134%. Fyrirtækin Valka, Nox Medical og Skema fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt. Viðurkenningar voru veittar við hátíðlega athöfn á Nýsköpunartorgi.

Nýsköpunarkerppni grunnskólanemenda

Nýsköpunarkerppni grunnskólanemenda var haldin í 23. sinn en tilgangur hennar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig hana má þroska gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Ellefu þátttakendur fengu verðlaun fyrir hugmyndir sínar en alls tóku 39 þátttakendur þátt í úrslitum. Í ár bárust hugmyndir frá 1800 nemendum í 32 grunnskólum sem kenna á miðstigi, víða um land.

NKG er haldin á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Aðalbak-hjarl er Marel en aðrir bakhjarlar eru Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Landsbankinn og Samtök iðnaðarins.

BOXID – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

BOXID – framkvæmdakeppni grunnskólanna er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Átta skólar tóku þátt í æsispennandi keppni sem lauk með sigri Menntaskólans í Reykjavík. Markmið keppinnar, sem nú var haldin í fjórða sinn, er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði. Keppnin fólst í þrautabraut með sjö stöðvum. Liðin fóru milli brauta og leystu ólíkar þrautir á hverjum stað. Þrautirnar reyndu bæði á hugvit og verklag en fyrirtæki úr ólíkum greinum iðnaðarins hönnuðu þær í samstarfi við fræðimenn Háskólans í Reykjavík.

Matarhátíðin Food & Fun

Hin fjölsóttu og árlega matarhátíð Food & Fun var haldin í Reykjavík dagana 26. febrúar – 2. mars í 13 sinn. Árið 2012 gerðu Samtök iðnaðarins samning við Reykjavíkurborg og Icelandair um að gerast umsjónaraðili hátíðarinnar til þriggja ára. Meistarakokkar frá Bandaríkjunum og Evrópu hafa umsjón með matreiðslu á bestu veitingahúsum Reykjavíkur í samvinnu við íslenska matreiðslumeistara.

Íslenska ánægjuvugin

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar í mars en þetta var fimmtánda árið sem ánægja viðskiptavina íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti.

Að þessu sinni voru niðurstöður birtar fyrir 21 fyrirtæki í 6 atvinnugreinum en þær byggjast niðurstöðum 200–1300 svara viðskiptavina hvers fyrirtækis. ÁTVR mældist með hæstu einkunn í ár, 74,1, sem reyndist þó ekki tölfraðilega marktækt hærri en einkunn Nova, sem var næsthæst.

Verkið stendur fyrir Íslandsmótinu en að félaginu standa Bílgreinasambandið, FBM, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Iðnmennt, MATVÍS, Meistarasamband byggingamanna, Rafiðnaðarsambandið, SAF, Samiðn, Samtök iðnaðarins, SART og VM.



Íslenska ánægjuvugin er félag í eigu Samtaka iðnaðarins, Stjórnvísí og Capacent Gallup. Markmið félagsins er að stuðla að samræmdum mælingum á ánægju viðskiptavina milli atvinnugreina og fyrirtækja.

Glæsilegt Íslandsmót iðn- og verkgreina

Íslandsmót iðn- og verkgreina 2014, ásamt Framhaldsskólakynningu 2014, var haldið dagana 6.–8. mars í Kórnum í Kópavogi. Keppnin var sú stærsta sem haldin hefur verið en keppendur voru alls um 180 í 24 greinum. Á kynningunni voru fjölmargar greinar með bása og um 7000 grunnskólanemendur lögðu leið sína á keppnina, auk fjölda annarra gesta.

Stendur þú skil á þínu?

Samtök iðnaðarins hleyptu aftur af stokkunum auglýsingaherferð með slagorðinu *Stendur þú skil á þínu?* Tilgangurinn er að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi og vekja fólk til umhugsunar um að skattsvik af því tagi kosta samfélagið tugi milljarða árlega.

Ályktun Iðnpings 2014



-Drifkraftur nýrrar sóknar

Stöðugleiki er forsenda kraftmikils atvinnulífs

Fyrirtæki þurfa samkeppnishæfar aðstæður í vaxtamálum

Afnám hafta og viðurkenndur gjaldmiðill skapa samkeppnishæfni fyrirtækja

Hámörkum framleiðni, verðmætasköpun og útflutningstekjur

Aukum fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum til að standa undir hagvexti framtíðarinnar og almennri velferð

Hvetjum til aukinnar innlendrar og erlendar fjárfestingar í iðnaði og nýsköpunar í hvers konar fyrirtækjum

Ljúka ber aðildarviðræðum við ESB og þjóðin ráði úrslitum

Einföldum skattkerfið m.a. með afnámi vörugjalda og lækkun tryggingagjalds.

Eflum iðn- og tæknimenntun í landinu með aukinni samvinnu skóla og fyrirtækja

Hagtölur um iðnað á Íslandi þurfa að endurspeglar stöðu og þróun nýrra greina

Íslenskur iðnaður er fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr og drifkrafta hans verður að virkja til fulls. Skapa þarf samstarf og einurð í landinu um að keppa markvisst að því að koma Íslandi í fremstu röð. Við eigum í harðri samkeppni við lönd sem fylgja skýrri framfarastefnu og sækja hart fram til að laða til sín bestu starfskraftana og fyrirtækin. Eina svarið er að efla samkeppnishæfni Íslands og þá þarf mikið að breytast. Til þess þarf langtímahugsun í stað kollsteypa í stjórnarframkvæmd. Fram verður að koma heildstæð framtíðarsýn og markvissar aðgerðir sem endurreisa þá umgjörð sem allt atvinnulíf verður að njóta til að sækja fram. Þar ber hæst stöðugleika í hagstjórn, heilbrigða markaði, framúrskarandi starfsskilyrði og opinn markaðsaðgang.

Iðnþing kallar eftir samstilltri sókn um að hámarka framleiðni, verðmætasköpun og gjalddeyristekjur og Samtök iðnaðarins munu hvetja og styðja aðildarfyrirtæki sín til að leggja sitt af mörkum auk þess að efna til samræðu í samfélaginu um þessi markmið.

Atvinnulífið þarf að öðlast trú á að afnám hafta sé forgangsmál íslenskra stjórnvalda. Skoða ber strax afnám haftanna á lágum greiðslum og einföldun allrar stjórnsýslu þeirra. Viðurkenndur gjaldmiðill er forsenda samkeppnishæfni fyrirtækja sem geta ekki búið við það háa vaxtastig sem hér er.

Nýsköpun þarf að efla með skattalegum hvötum og eflingu samkeppnissjóða. Sólarlagsákvæði í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki þarf að fella niður. Festa þarf í sessi að vinna á byggingarstað við byggingu íbúða- og frístundahúsnæðis sé undanþegin VSK.

Breytingar á gjöldum og sköttum

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman meðfylgjandi yfirlit yfir helstu breytingar á sköttum og gjöldum sem tóku gildi nú um áramótin og hafa áhrif á félagsmenn. Ekki er um endanlega upptalningu að ræða og er þeim sem vilja kynna sér málið frekar bent á vefi alþingis og ríkisskattstjóra.

Virðisaukaskattur

Efra skattþrep skattsins lækkar úr 25,5% í 24% en lægra þrepið hækkar úr 7% í 11%. Endurgreiðsla vsk. af vinnu á byggingastað vegna nýbygginga, viðhalds og endurbóta. Endurgreiðslan lækkar úr 100% í 60% og á nú aðeins um íbúðarhúsnæði en ekki frístundahús eða húsnæði í eigu sveitarfélaga. Vsk. vegna vinnu hönnuða og eftirlitsaðila verður ekki endurgreiddur eftir 1. janúar. Áréttað skal að hægt verður allt árið 2015 að sækja um endurgreiðslur á vsk. skv. eldri reglum ef verkið hefur verið unnið fyrir síðast liðin áramót og reikningur dagsettur 2014.

Vörugjöld

Um áramótin féllu niður öll vörugjöld nema á áfengi, tóbaki, eldsneyti og bifreiðum. 15% vörugjald var lagt á margar byggingavörur en þó ekki allar. T.d. voru vörugjöld á gipsplötum en ekki spónaplötum. Hreinlætis og blöndunartæki, gólfefni voru með vörugjaldi.

Tryggingagjald lækkar úr 7,59% í 7,49%.

Persónuafsláttur verður kr. 50.902 á mánuði. Skattleysismörk eru því kr. 135.384. Skattleysismörk með lífeyrisjóði verða 142.153 á mánuði.

Tekjuskattur einstaklinga verður sem hér segir:

1. Þrep: laun kr. 0-309.140	staðgreiðsluprósentu	37.30%
2. Þrep: laun kr. 309.141-836.403	staðgreiðsluprósentu	39.74%
3. Þrep: laun yfir kr. 836.404	staðgreiðsluprósentu	46,24%

Reiknað endurgjald

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfssemi, eða telst vera með ráðandi stöðu í atvinnurekstri skal reikna sér ákveðið lágmarks endurgjald sem er mismunandi eftir starfsstéttum. Sem dæmi má nefna að iðnaðarmenn skulu vera á bilinu kr. 262.000-433.000.

Tekjuskattur fyrirtækja

Félög með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélög greiða 20% en aðrir lögaðilar 36%.

Fjármagnstekjuskattur

Skatturinn er 20% og undir hann fellur einnig söluhagnaður af sölu hlutabréfa.

Útvarpsgjald verður kr. 17.800.

Gæðakerfi og vottanir

SI telja brýnt að sem flestir tileinki sér aðferða- og hugmyndafræði gæðastjórnunar og hafa í mörg ár aðstoðað félagsmenn við að stíga fyrstu skrefin til að byggja upp gæðakerfi. Félagsmönnum SI standa til boða afnot af gæðakerfi og skráarvistun samtakanna ásamt aðstoð við að laga hvort tveggja að eigin rekstri.

Um síðustu áramót tóku gildi ákvæði í Lögum um mannvirki þess efnis að iðnmeistarar, byggingarstjórar, hönnuðir og hönnunarstjórar skuli hafa gæðastjórnunarkerfi. Samtök iðnaðarins hafa þróað grunn að miðlægu gæðakerfi sem fyrirtækjum og einyrkjum innan SI stendur til boða að nýta sér gegn vægu gjaldi. Samtökin búa yfir tækni sem auðveldar þeim að aðstoða félagsmenn eftir þörfum við að laga gæðakerfið að þörfum hvers og eins og fullnægja kröfum hvort sem þær koma frá hinu opinbera eða frá viðskiptavinum.

Fjöldmörg fyrirtæki hjá SI hljóta vottun SI

Malbikun KM, Stjörnugarðar, Blikksmiðurinn og Rafverktaka-fyrirtækið Gaflarar hafa staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun. D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Með því er stefnt að því að gera rekstur fyrirtækja skilvirkari. Í því skyni fer fyrirtækið í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind með það að markmiði að auka framleiðni og hagnað fyrirtækisins.

Byggingafélag Gylfa og Gunnars hefur staðist úttekt á öðru þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið C-vottun. C-vottun SI staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur öflugum verkþókhaldi, góðri skipulagningu og með mikla sérstöðu varðandi áherslu á öryggis- og heilbrigðismál.

Hátækni og sprotavettvangur

Hátækni- og sprotavettvangur var stofnsettur í lok árs 2008. Vettvangurinn miðar að því að efla uppbyggingu tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi. Iðnaðar-, mennta-, fjármála- og utanríkisráðuneyti stóðu upphaflega að samningnum ásamt Samtökum iðnaðarins og þremur félagsamtökum innan þeirra, Samtökum sprotafyrirtækja, líftæknifyrirtækja og upplýsingatæknifyrirtækja.

Samstarfssamningurinn um HSV var endurnýjaður í byrjun árs 2012 til ársloka 2014. Samtök iðnaðarins og iðnaðarráðuneytið hafa lagt hvor til þrjár og hálf milljón á ári til vettvangsins. Núverandi verkefnisstjóri er Haukur Alfreðsson. Með endurnýjuðum samningi 2012 fengu Samtök heilbrigðisíðnaðarins formlega aðild að vettvanginum ásamt Samtökum leikjafyrirtækja, Samtökum fyrirtækja í grænni tækni, forsætisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

Mikilvægi HSV felst m.a. í því að koma þörfum tækni- og hugverkagreina á framfæri við stjórnvöld og skapa vettvang til að skiptast á skoðunum og finna leiðir til umbóta.

Stærstu vaxtartækifærin í íslensku atvinnulífi eru í tækni- og hugverkaíðnaði skv. skýrslu McKinsey. Starfsemi þessara fyrirtækja nýtist einnig óbeint í öðrum atvinnugreinum til að auka verðmætasköpun og framleiðni í þeim. Í skýrslu McKinsey um aukinn hagvöxt og þjóðartekjur er talið að tækni- og hugverkagreinar þurfi að tvöfalda umfang sitt á næstu fimmtán árum.

Árangur í starfi

Á Hátækni- og sprotavettvangi, hefur verið unnið á markvissan hátt að því að bæta starfsskilyrði og stuðningsumhverfi tækni- og hugverkafyrirtækja.

Innan HSV hefur á síðasta samningstímabili 2012-2014 verið lögð áhersla á að fylgja eftir áhersluverkefnum úr stefnumótun tækni- og hugverkagreina.

Á undanförunum þremur árum, hafa mál þokast í rétta átt og skilningur orðið almennari á mikilvægi fjárfestingar í menntun og nýsköpun. Af þeim tíu verkefnum sem unnið er að má nefna að góður framgangur hefur náðst í að auka framlög í Tækniþróunarsjóð, framlengingu laga um endurgreiðslur R&B og í menntamálum. Þá hyllir undir betri hagtolur á miðju ári 2015, en skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa hafa dregist sem og fleiri verkefni eins og afnám gjaldeyrishafta þrátt fyrir góð fyrirheit ríkisstjórnar í þeim efnunum.

Óhætt er að fullyrða að þær umbætur sem náðst hafa ásamt ýmsum þáttum sem fyrir voru í starfsumhverfinu hafi skilað miklu í veltu, sköpun tæknistarfa og auknum útflutningi á undanförunum árum. Nýleg samantekt um greiðsluflæði ríkissjóðs vegna stuðnings Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslur vegna R&B sýnir að ríkissjóður er í jákvæðu greiðsluflæði allt frá fyrsta degi fyrirkomulagsins og arðsemin ótvíræð fyrir ríkissjóð. Útflutningur tækni- og hugverkafyrirtækja 2013 var kr. 228 milljarðar eða 22% af heildarútflutningstekjum. Stjórnvöld hafa lagt aukna áherslu á stuðning og framkvæmd meðal annars með því að efla starfsemi Vísinda- og tækniráðs með þátttöku í stefnumótun í samstarfi við tækni- og hugverkagreinar og fela ráðinu eftirfylgni með framkvæmd verkefna.

Tillaga um framhald - Aðgerðaáætlun 2015 til 2017

Eitt brýnasta verkefnið um þessar mundir er að bregðast hratt við þeirri þróun að fólk og fyrirtæki í nýsköpunargreinum hafa að undanförunum verið á hraðri leið úr landi með ófyrirsjáanlegu tjóni fyrir framtíðaruppbyggingu atvinnulífs hér á landi.

Ísland á að geta verið aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun. Við eigum þó í harðri samkeppni við þjóðir sem hafa markað sér skýra stefnu í þessu efni og sækja hart fram við að endurbæta starfsumhverfi sitt og laða til sín fólk og fyrirtæki. Eins og í annarri keppni þarf að skapa samstarf og einurð í landinu um að keppa markvisst að því koma Íslandi í fremstu röð á þessu sviði. Þannig byggjum við samkeppnishæft atvinnulíf sem getur staðið undir þeirri velferð sem Íslendingar vilja búa við.

Í ljósi þess góða árangurs, sem náðst hefur og þeirri staðreynd að enn eru margar umbætur sem vinna þarf að, hefur stjórn HSV lagt til gerður verði nýr þriggja ára samningur um áframhaldandi starfsemi vettvangsins.

Fyrir liggur framtíðarsýn greinarinnar til ársins 2016, en þá sýn þarf að endurskoða og útvíkka til næstu fimm ára í samstarfi við fyrirtæki, stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila. Tillögur í aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs til árana 2015-2016 eru í ágætu samræmi við núverandi stefnumótun. Ljúka þarf brýnum áhersluverkefnum í þeirri stefnumótun en framundan er að útvíkka framtíðarsýnina og móta aðgerðaáætlun til ársins 2020.

Orkumál

Flutningskerfi raforku

Örugg afhending raforku um land allt er nauðsynleg til að tryggja stöðugan rekstur fyrirtækja. Flutningskerfi raforku eru mikilvægir innviðir í landinu. Samtökin hafa tekið vel í tillögur um að breyta vinnulagi við kerfisáætlun Landsnets til að hún fái formlegri sess sem áætlun stjórnvalda en nú er. Væntingar standa til að meiri sátt verði um uppbyggingu kerfisins í kjölfarið. Hafa verður í huga að allur kostnaður við raforkukerfið fellur á notendur og því er nauðsynlegt að skoða arðsemi framkvæmda og áhrif á gjaldskrár. Samtökin hafa einnig lýst yfir að nauðsynlegt sé að skýra verkferla í varðandi lagningu raflína í jörð. Jarðstrengir leysa ýmis vandamál sem fylgja loftlínunum en þess þarf að gæta að öllum framkvæmdum fylgja einhver umhverfisáhrif og þar eru jarðstrengir ekki undanskildir. Í sumum tilvikum eru þeir mun dýrari en aðrar lausnir og því þarf að vanda ákvarðanatöku á þessu sviði. Ennfremur þarf að meta áhrif af löngum viðgerðartíma jarðstrengja og tryggja afhendingaröryggi.

Raforkustrengur til Evrópu

Mikill áhugi er á að lagður verði raforkustrengur til meginlands Evrópu en ljóst er að enn er langt þar til sá strengur getur orðið að veruleika. Efnahagslegur ávinningur kann að vera umtalsverður en SI hafa bent á að á móti því kunni áhrif á núverandi raforkunotendur að verða mikil og hugsanlega neikvæð. Í því samhengi má ekki bara horfa til heimilanna heldur einnig að huga sérstaklega að atvinnurekstri af öllum stærðum og gerðum. Undanfarin misseri hefur tiltölulega hagstætt orkuverð verið einn af fáum þáttum sem telja má til samkeppnisforskotis íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Mikilvægt er að verja þetta forskot.

Enn sem komið er ríkir mikil óvissa um verkefnið. Áður en hægt verður að taka afstöðu til þess þurfa ítarlegri athugun og undirbúningur að eiga sér stað. Betur þarf að athuga hagkvæmni þess að leggja raforkustreng til Evrópu enda benda forathuganir til að verkefnið geti orðið þjóðhagslega arðbært. Flestir, sem hafa fjallað um möguleika á raforkustreng, eru sammála um að verkefnið sé bæði mjög kostnaðarsamt og áhættusamt. Kanna þarf hvernig áhættuþáttum verkefnisins yrði skipt og þar með ávinningi af verkefninu í heild.

Umhverfismál

Minni sóun – allra hagur

Vaxandi vilji er til að draga úr sóun og sporna við myndun úrgangs. Minni sóun stuðlar að aukinni framleiðni, betri nýtingu auðlinda og minni mengun. Fjölmörg aðildarfyrirtæki SI hafa unnið árum saman að því að minnka sóun með því að lágmarka orkunotkun, auka endurvinnslu og lágmarka úrgang. Nokkur ganga svo langt að setja sér það markmið að ekkert í starfseminni fari í endanlega förgun. Árangurinn sést á tölum um þróun í úrgangsmálum en samkvæmt vef Hagstofu



hefur blandaður rekstrarúrgangur dregist saman um tæp 60% heildarúrgangs frá rekstri í um 13% á árunum 2000-2012. Flokkun hefur aukist að sama skapi. Á vormánuðum urðu laga-breytingar sem skýra skilin milli úrgangs og hráefnis. Gríðarleg tækifæri eru falin í að geta komið hráefnum, sem áður var fargað, aftur inn í efnishringrásina.

Í lok árs óskaði Umhverfisráðuneytið eftir umsögnum um drög að úrgangsförvarnaráætlun undir yfirskriftinni *Saman gegn sóun*. Samtökin fagna því að stjórnvöld hyggist setja kraft í verkefnið. Samtökin og aðildarfyrirtæki þeirra hafa sýnt verkefnum um minni matarsóun áhuga og taka þátt í vinnuhópi Umhverfisráðuneytis um að sporna við matarsóun. Almenn er vaxandi áhugi á að lágmarka úrgang og endurvinnslu, í t.d. byggingargeira og meðal þeirra sem framleiða, hanna og selja textílvörur. Góður árangur hefur náðst við að nýta aukaafurðir frá vinnslu fisks og kjöts, bæði til manneldis og við að framleiða hátækni vörur. Stofnuð hafa verið endurvinnslufyrirtæki sem taka við efni frá stóriðju og framleiða vörur á markað. Skilagjald eða úrvinnslugjald er á mörgum umbúðum og fyrirtæki í umbúðaframleiðslu hafa markvisst unnið að því að þróa umhverfisvænni vörur og lágmarka úrgang.

Meistaradeild Samtaka iðnaðarins



Samkvæmt starfsreglum MSI er engin formleg stjórn kosin en stjórnin er skipuð formönnum allra aðildarféлага eða stað-genglum þeirra. Stjórnin skipar formann og varaformann og skiptir síðan með sér verkum. Eftir síðasta aðalfund var Þorkell Gunnarsson, formaður Félags skrudgarðyrkjumeistara, endurkjörinn formaður og Einar Beinteinsson, formaður Félags dúk-lagninga- og veggfóðrarmeistara endurkjörinn varaformaður.

Félög innan MSI eru 11 talsins. Margvísleg mál komu til kasta MSI á árinu.

Gæðakerfi í öll fyrirtæki

Í Mannvirkjalögum og byggingareglugerð kemur fram að enginn fær að skrifa upp á byggingarleyfiskylda framkvæmd eftir 1. janúar 2015 nema viðkomandi meistari hafi úttekið gæðakerfi. Samtök iðnaðarins hafa unnið markvisst að því að aðstoða félagsmenn við að tileinka sér notkun gæðakerfa síðan Mannvirkjalögin tóku gildi 1. janúar 2011. Aukinn kraftur var lagður í þá vinnu, m.a. með fundarherferð um allt land í samvinnu við Mannvirkjastofnun. Fjölmargir félagsmenn tóku við sér rétt fyrir áramótin og enn er verið að óska eftir aðstoð.

Iðnaðarlögin

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðarráðherra hefur gefið út þá yfirlýsingu að hún muni ekki hrófla við löggjöfinni. Síðastliðið vor heimsóttu Ragnheiður Elín og fulltrúar Samtaka iðnaðarins ýmsa vinnustaði til að kynna henni mikilvægi þess að vernda iðnaðarstörf.

Enn ein breyting á byggingarreglugerð

Þriðja stóra breytingin var gerð á byggingarreglugerðinni. Þær breytingar snerust að mestu um algilda hönnun þar sem horfið var frá ströngustu ákvæðunum. MSI boðaði til morgunverðarfundar þar sem breytingarnar voru kynntar en samantekt breytinganna var einnig send öllum félagsmönnum.

Mannvirkjalög

MSI tók þátt í að rýna Mannvirkjalög síðastliðinn vetur með lausnir í huga. Hugmyndin var að í kjölfarið yrði haldinn fundur með ráðamönnum og undirbúið að semja ný mannvirkjalög. Málið hefur þó lítið þokast áfram en meginástæðan sú að Mannvirkjastofnun tók ekki vel í þær hugmyndir sem voru lagðar fram.

Mannvirkjaráð SI

Í kjölfar rýningarvinnu Mannvirkjalaga var ákveðið að stofna Mannvirkjaráð SI. Aðalhvatamaður þess var Kolbeinn Kolbeinsson en hann hefur stýrt hópnum til þessa. Ákveðið var að ráðið yrði skipað tveimur fulltrúum hvers hóps, þ.e.a.s. tveir frá MSI, tveir frá Mannvirki, tveir frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga og síðan þeir stjórnarmenn SI sem tengjast mannvirkjagerð með einhverjum hætti. Síðar gengu tveir fulltrúar frá SAMARK (sjálfstætt starfandi arkitektum) til liðs við Mannvirkjaráð.

Menntamál í byggingariðnaði

MSI hefur ávallt vakandi auga á menntamálum og mikil orka var nýtt í þau málefni á síðasta starfsári en ástæða þess var svokölluð „Hvítbók“ menntamálaráðherra. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir sótti stjórnarfundi MSI í september þar var þetta meðal annars rætt. Miklar og góðar umræður urðu í kjölfar kynningar Katrínar og ljóst að m.v. áætlaðan vöxt í greininni, um 5-6000 manns á tveimur árum, verður fjölgun menntaðra í greininni aldrei nema örlítið brot af þörfinni. Helsta niðurstaða þessa umræðna var sú að MSI er fylgjandi hagræðingu og breytingum á fyrirkomulagi vinnustaðanáms ef það leiðir til aukins áhuga og fjölgunar nema og gerir þeim auðveldara að ljúka námi.

Allir vinna

MSI hvöttu stjórnvöld til að framlengja 100% endurgreiðslu vsk. á vinnu sem unnin er á verkstað. Það tókst því miður ekki. Breytingin hefur þegar leitt til þess að byggingavísitala hefur hækkað um 2,1 stig auk þess sem hætt er við að svört atvinnustarfsemi aukist.

Bætt samskipti við sveitarfélög

Fulltrúar MSI hafa fundað með sveitarfélögum vegna kvartana undan túlkun byggingafrullrúa og starfmanna hans. Félagsmenn eru hvattir til að koma með skriflegar ábendingar ef þeim finnst brotið á sér.

Stefnumót Íslensks byggingariðnaðar

Í byrjun síðasta árs var ákveðið að halda Stefnumót íslensks byggingariðnaðar. Verkefnið krafðist mikils undirbúnings og skipulagningar sem skilaði sér í frábærri samkomu sem haldin var 4. nóvember. Félagsvísindasvið Háskóla Íslands var fengið til að vinna niðurstöðu Stefnumótsins til að gæta þess að hlutlaus aðili drægi saman helstu niðurstöður sem hægt væri að kalla „Stefnumál íslensks byggingariðnaðar.“ Mannvirkjastofnun stóð að fundinum ásamt Samtökum iðnaðarins.

Talning íbúða

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir talningu íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu í mars og nóvember. Samkvæmt niðurstöðu fjölgaði nýjum íbúðum í byggingu um ríflega 400 á tímabilinu. Að mati samtakanna eru nýjar byggingar færri en nemur lýðfræðilegri eftirspurn eftir nýjum íbúðum. SI hafa lengi bent á mikilvægi þess að byggt sé fjölbreytt íbúðarhúsnæði. Uppsöfnuð þörf er á markaði vegna þess hve lítið hefur verið byggt undanfarin ár. Megináhersla hefur verið lögð á stórar eignir og það hefur skapað þörf fyrir smærri eignir og þá sérstaklega íbúði

Samtök rafverktaka



Frá því að SART gerðist aðili að Samtökum iðnaðarins í ársbyrjun 2012 hafa átján ný fyrirtæki í rafiðnaði gengið til liðs við samtökin og ýmislegt bendir til að þeim fjölgi enn frekar á nýju ári. Stjórn SART telur að fjölgun félaga gefi vísbendingar um að ákvörðun um aðild SART að SI hafi verið rétt og að fyrirtækin sjái hag sínum, í auknum mæli, betur borgið innan samtakanna en utan. Verkefnastaða fyrirtækja í rafiðnaði hefur lagast hægt og bitandi frá hrúni og nú er svo komið að það vantar sárlega mannskap því að rafvirkjar liggja ekki á lausu og því stefnir fljótlega í vandræði.

Stefnumótun til ársins 2018 – verkefni

Meðal verkefna stjórnar SART er að hrinda í framkvæmd þeim áhersluverkefnum sem til urðu við mótun framtíðarsýnar samtakanna til ársins 2018.

Öryggi í fyrirrúum – burt með vinnuslys

Markvisst er unnið að því að koma í veg fyrir vinnuslys og að starfsmenn og stjórnendur geri sér ríka grein fyrir mikilvægi öryggismála. Í Rafiðnaðarskólanum hefur námskeið í rafmagnsöryggi verið sett á dagskrá. Námskeiðið er bæði haldið í skólanum og út á landi eftir þörfum. Unnið er að gerð öryggishandbókar sem verður aðgengileg öllum á netinu á Rafbók.is. Þar geta rafverktakar nálgast efnið í heild sinni eða hluta þess, vilji þeir útbúa sína eigin öryggishandbók fyrir fyrirtæki sitt.

Betri stjórnun aukin arðsemi

Rafverktakar eru sammála um að aukin framleiðni sé lykillinn að betri afkomu fyrirtækjanna. Spurningin er hvort tólin og tækin eru fyrir hendi til þess að leysa verkefnið. Til að ná árangri þurfa rafverktakar fyrst og fremst að leggja áherslu á betri stjórnun, ekki síst á stjórnun framkvæmda. Eitt þeirra tækja, sem félagsmönnum stendur til boða, eru þrepavottanir Samtaka iðnaðarins. Á dögnum var gerð könnun meðal rafverktaka þar sem skoðað var hvernig staða þeirra væri gagnvart fyrsta þrepinu, sem er D-vottun. Niðurstaðan kom skemmtilega á óvart því að rafverktakar eru nefnilega komnir lengra en þá grunar hvað varðar skipulag og marga þeirra skortir lítið á að fullnægja kröfum D-vottunar. Í kjölfarið hafa nokkrir kallað eftir úttekt og nú eru sex fyrirtæki í rafiðnaði komin með D-vottun og tvö með C-vottun.

Greiðslutryggingar – tilboðsgerð, nýtt verklag og reglur

SI stóðu fyrir stofnun Mannvirkjaráðs á síðasta ári. Í Mannvirkjaráði eru hönnuðir, fulltrúar stórra og lítilla verktaka og iðnmeistarar en SART á einn fulltrúa í þeim hópi. Markmið Mannvirkjaráðs er að bæta siðferði og samskipti á útboðsmarkaði, bæta gerð útboðsgagna ásamt mörgum fleiri málum sem koma félagsmönnum okkar til góða. Verkefni Mannvirkjaráðs tengjast því beint áherslum í stefnumótun SART og þeim markmiðum sem stefnt er að fyrir lok árs 2018.

Betri skólar – fjölgun rafiðnaðarmanna

Menntamál hafa verið og eru ofarlega á verkefnalista SART. Saman eiga og reka RSÍ og SART Rafiðnaðarskólann og hefur samstarf samtakanna alltaf verið mjög gott þegar kemur að menntamálum. Menntaráðstefna rafiðnaðarins var haldin seint á síðasta ári og var hún hluti af framtíðarsýn SART og þeim áhersluatriðum sem tengjast verkefninu. Á ráðstefnunni kom m.a. eftirfarandi fram: Innan rafiðnaðargeirans hafa ákveðin fög átt undir högg að sækja þar sem aðsókn í þau hefur ekki reynst næg. Af þessum sökum hafa yfirvöld menntamála komið með þær hugmyndir að leggja tilteknar löggiltar iðngreinar niður. Koma þessar hugmyndir fram samtímis hugmyndum um styttingu náms í framhaldsskólum.

Innan Samtaka í rafiðnaði hefur verið rætt um hvort rétt væri að fara í breytingar á rafiðnaðarnáminu og einfalda/samhæfa það „án þess að draga úr kröfum,“ þannig að nemendur útskrifist t.d. sem rafvirkjar og geti síðar bætt við sig auka iðngrein eins og rafveitu-/rafvélavirkjun, símsmiði eða hvað annað sem hugurinn stefnir til. Viðbótargreinum myndi ætíð ljúka með sveinsprófi eins og gert er í dag. Þetta er í takt við það sem Danir eru að þróa og áætlað er að byrji hjá þeim haustið 2015.

Þar sem starfsemi fyrirtækja í rafiðnaði eru í sífelltri þróun er hægt að sjá fyrir sér að viðbótarmenntun viðkomandi raf-iðnaðarmanns yrði í tengslum við þarfir viðkomandi fyrirtækis. Markaðurinn myndi sjá til þess að nauðsynleg endurnýjun færi fram enda er það lykilaatriði fyrir okkar samtök og þjóðfélagið allt, að hér á landi séu fagmenn á öllum sviðum rafiðnaðarins.

Með þetta að leiðarljósi hefur verið rætt um það á vettvangi Rafiðnaðarskólans, hvort bjóða ætti upp á nám eins og fjallað er um hér að framan í Rafiðnaðarskólanum, þar sem líta mætti framhjá kröfu verkmenntaskólanna um ákveðin lágmarksfjöldna nema í námið hverju sinni.

Önnur verkefni.

Meðal annara verkefna á síðasta ári má nefna að SART og Ljóstæknifélag Íslands stóðu fyrir málþingi um lýsingarhönnun í þéttbýli sem haldin var í Tjarnarbíói í tengslum við Vettrarhátíð Reykjavíkur. Á sama tíma var vörusýning í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem kynntar voru nýjungar í lýsingarlausnum.

Fyrir liggur til umsagnar nýr staðall, ÍST 151:2014 um fjar-skíptalagnir í íbúðarhúsnæði. Staðallinn er byggður á tækni-reglum um sama efni sem gefnar voru út árið 2009. SART átti frumvæði að því verkefni á sínum tíma og hefur fulltrúi SART, Öryggur Jónatansson leitt verkefnið allan tíman. Staðlaráð annast útgáfu staðalsins.

Matvælaíðnaður



Samtök mjólkur og kjötvinnslufyrirtækja, SMK

Stjórn Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja er óbreytt frá fyrra ári. Ýmis málefni hafa verið tekin til umfjöllunar á starfsárinu. Helstu umfjöllunarefni eru ýmsar reglugerðir sem varða greinarnar. Þar á meðal eru nýjar reglur um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Með nýju reglum féll úr gildi séríslensk krafa um að merkja pökkunardag sem hefur lengi verið þyrnir í augum íslenskra matvælaframleiðenda. Ýmsar aðrar reglugerðabreytingar, sem snerta sláturhús og meðferð sláturdyra, hafa komið til umræðu.

Stjórnin hefur fjallað um upprunamerkingar matvæla en kynningarbæklingur um þær er í vinnslu hjá samtökum í atvinnulífi og fleirum. Reglur um merkingaskyldu á uppruna á fersku, kældu eða frystu svína-, kindu-, geita- og alifuglakjöti, auk nautakjöts, eru í þann veginn að taka gildi hér á landi.

Á aðalfundi SMK í október var ákveðið að hefja vinnu við að móta framtíðarsýn fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir í samstarfi við búgreinafélög og er sú vinna hafin.

Landssamband bakameistara, LABAK

Starfsemi félagsins hefur að miklu leyti snúist um sameiginleg markaðsverkefni eins og undanfarin ár. Kaka ársins var kynnt í febrúar og af því tilefni færði höfundur kókunnar Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fyrstu kókuna. Hugtakið, Kaka ársins, hefur nú verið skráð hjá Einkaleyfastofu sem félagamerki í eigu félagsins sem merkir að aðeins félags-

menn mega nota það í. Félagið tók þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina á myndarlegan hátt með dyggri aðstoð birgja. Félagsmenn hjálpuðust að við að baka margvísleg brauð og annað bakkelsi sem var til sýnis á sýningarsvæðinu í Kórnum. Af sama tilefni gaf félagið út kynningarbækling um bakariðnina, félagið og mikilvægi grófra brauða í daglegu fæði en bæklingnum var dreift á svæðinu.

Formannsskipti urðu á aðalfundi LABAK í mars en þá tók Jón Albert Kristinsson við formennsku af Jóhannesi Felixsyni. Aðrar breytingar í stjórn urðu þær að úr stjórn gengu Hjálmar E. Jónsson og Vilhjálmur Þorláksson en í þeirra stað voru kosnir Jón Heiðar Ríkharðsson og Sigurður M. Guðjónsson. Ný stjórn hefur m.a. beitt sér fyrir auknu samstarfi milli vinnustaða og skóla um kennslu í bakariðn, námsefnisgerð og námsferilsbækur.

Nýjar reglur um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda snerta bakarí ekki síður en önnur matvælaframtækni og mikil vinna hefur verið lögð í að halda við uppskriftavé félagsins sem gerir félagsmönnum kleift að reikna innihald og næringargildi afurða út frá uppskriftum. Þá hefur verið unnið að gerð nýrrar heimasíðu félagsins en hún var opnuð fyrir skömmu.



Prentiðnaður

Innan Samtaka iðnaðarins starfar starfsgreinahópur fyrirtækja í prent- og pappíríðnaði en samtök atvinnurekenda í prenti voru meðal stofnenda SI fyrir rúmum áratug.

Á vormánuðum árið 2013 var haldin vinnufundur hjá Prenttækisviði IÐUNNAR um námsframboð hjá sviðinu í nánustu framtíð. Þar óskuðu félagsmenn í Félagi bókagerðarmanna og fulltrúar úr prenthópi SI eftir að fram færi vinna til að meta framtíð prentiðnaðar hér á landi. Í kjölfarið var gerð sviðsmyndagreining í samstarfi við KPMG fyrir prentiðnaðinn til ársins 2025.

Sviðsmyndaáferðin snýst ekki um hvað muni gerast heldur að átta sig betur á því hvað gæti gerst og hvaða afleiðingar slíkir atburðir gætu haft. Þannig er greining sviðsmynda öflug leið til að skilja hugsanlega þróun áhrifaþátta í framtíðinni, gera sér grein fyrir því hvernig þarf að bregðast við til að verja fyrirtæki og starfsmenn gangvart ógnunum sem að kunna að steðja að, ásamt því að vera í stakk búin til að nýta sér tækifærin sem kunna að bjóðast við tilteknar aðstæður.

Um 30 manns úr prentiðnaðinum tóku þátt í þeirri vinnu. Framkvæmdin var með þeim hætti að send var út skoðana-



könnun til helstu hagsmunaaðila, tekin voru viðtöl við aðila sem tengjast greininni, haldinn vinnufundur með rúmlega 20 þátttakendum og smærri vinnufundi í kjölfar þess. Afraksturinn var síðan gefinn út í bæklingnum *Sviðsmyndir – um framtíð prentiðnaðar á Íslandi*.



Prýði, starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði, fundaði reglulega á árinu þar sem rædd voru ýmis hagsmunamál greinanna. Innan Prýði eru fulltrúar klæðskera- og kjólameistara, snyrtifræðinga, hársnyrta, ljósmyndara og gullsmiða.

Menntamálin voru ofarlega á baugi þar sem hvítbók menntamálaráðherra var til umræðu. Svört og ólögleg atvinnustarfsemi er enn mikið vandamál innan þessara greina. Félögin hafa reynt að bregðast við slíku með upplýsingagjöf innan félagna og bréfum til atvinnurekenda sem eru hvattir til að taka á þessu vandamáli.

Í tilefni afmælisársins setti FÍG upp fallega sýningu í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands. Að kvöldi afmælisdagsins var blásið til fagnaðar í Iðnó þar sem félagsmenn og velunnarar fögnuðu saman þessum merka áfanga.





Í lok starfsárs 2013-2014 eru innan SUT, Samtaka upplýsinga-tæknifyrirtækja, 45 fyrirtæki, bæði stór og smá, sem starfa á fjölbreyttum vettvangi upplýsingartækniiðnaðar.

Velta skv. ISAT er ríflega 50 milljarðar, skráð fyrirtæki um 700 með u.þ.b. 3500 starfsmenn. Ljóst er að í stórum hluta þeirra er lítil og eða engin starfsemi og áætla má að virk fyrirtæki í greininni séu um 200 talsins.

Stjórnin hélt sjö stjórnarfundum á árinu.

Helstu verkefni og viðburðir

Könnun á áherslum SUT fyrirtækja

Ákveðið var að gera könnun meðal allra fyrirtækja innan SUT. Hugbúnaðarfyrirtækið Outcome framkvæmdi könnunina sem var netkönnun. Alls 46 fyrirtæki fengu könnunina og fengust svör frá 33 þeirra og svarhlutfall því 72%.

Helstu niðurstöður voru fremur afgerandi og í takt við það sem SUT hefur verið að leggja áherslu á.

Í fyrsta til annað sæti skorðuðu tvö verkefni hæst:

Auka framboð menntaðs starfsfólks á Íslandi - Samstarf við skólakerfið

- Að auka áhersla á UT þekkingu á framhaldsskólástigi (17 stig)
- Áhersla á að auka framboð og tryggja gæði tæknikennslu á háskólástigi (14 stig)

Bæta samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja - Skattamál, regluverk og gæðamál

- Stuðla að breyttri verkaskiptingu opinberra aðila þannig að útvistun sé stunduð í meira mæli (11 stig)

Í kjölfarið myndaði stjórnin tvo hópa til að vinna að framgangi hvors verkefnis fyrir sig.

Samkeppnishæfni UT-iðnaðarins

Það þarf að vera sameiginlegt markmið að samkeppnishæfni UT iðnaðar sé a.m.k. á pari við það sem best gerist í heiminum. Í umræðu um framleiðni aukningu fyrirtækja leikur hugbúnaður og hugbúnaðarþróun stórt hlutverk.

Ýmislegt jákvætt hefur gerst undanfarið ár:

- hækkun framlags í tæknipróunarsjóð í 1372,5 millj. eða um tæplega 400 millj.
- aukið fjármagn inni frumkvöðlaumhverfið td. fjármögnun Frumtaks 2
- endurgreiðslur rannsókn- og þróunarkostnaðar voru framlengdar til ársins 2019
- aukið vægi vísinda- og tækniráðs og aðgerðaráætlun þeirra sem tók mið af áherslum SI í meira mæli en áður

Vinna í gangi:

- Koma á skattaafslætti vegna fjárfestinga í frumkvöðlafyrirtækjum á sviði UT
- Sérstærar breytingar gerðar á útlendingalöggjöf þannig að upplýsingartæknifyrirtæki eigi hægara um vik að ráða erlent starfsfólk
- Bætt hagtlugerð til betri ákvörðunartöku

Í þeim áherslum sem framundan eru þarf að leggja ríka áherslu á:

- Endurbæta löggjöf og vinnuferli yfirvalda vegna afdráttarskatta vegna sölu í löndum án tvísköttunarsamninga og átak í fjölgun tvísköttunarsamninga við erlend ríki
- Aukinni útvistun ríkisstofnana

Þetta eru allt verkefni sem SI – SUT eru að vinna að í samstarfi við fjölmarga aðila.

Íslandsstofa og samstarf UT fyrirtækja í útflutningi

Á undanförunni ári hefur vinna innan Íslandsstofu mestmegnis farið fram í fagræði hugverkaiðnaðar undir sviðinu iðnaður og þjónusta þar sem fulltrúar SUT hafa tekið þátt ásamt öðrum hugverkagreinum. Þar var byrjað á stefnumótandi vinnu en fókusinn er að finna „bestu“ leiðir fyrir Íslandsstofu til að kynna vörur og þjónustu fyrirtækja í hugverkaiðnaði og átta sig á mismunandi áherslum innan hópanna. Þessi umræða er þekkt innan SUT sem hefur í mörg ár starfað með Íslandsstofu. Fæst UT fyrirtæki sjá ávinning í að tengja sig við Ísland í alþjóðlegri markaðssetningu en hugmyndin um verkfærakistu og þjálfun fyrir starfsmenn fyrirtækja er áhugaverð og munu fulltrúar taka þátt í þessu þróunarverkefni.

UT messan

UTmessan var haldin í fjórða sinn 7. og 8. febrúar 2014.

UTmessan er einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum og hefur verið haldin frá árinu 2011. Tilgangurinn er ekki síst að sýna almenningi hversu stór og umfangsmikil þessi grein er orðin hér á landi. Á messunni eru UT verðlaun Ský afhent og féllu þau í skaut Rakelar Sölvadóttur frumkvöðuls og stofnanda Skema og Recode 2014.

Skills Iceland

SUT og 3f, félag um upplýsingatækni og menntun, stóðu að því að dómari UT greina færi og kynnti sér World Skills keppnina í Leipzig 2013. Skills Iceland var síðan haldið í mars 2014 og var þá í fyrsta skipti keppt í leikjaförri og vefhönnun fyrir tilstuðlan þessara sömu aðila. Framlag stjórnar SUT var í formi dómara starfa, búnaðar og tæknimanna á vegum fyrirtækja innan stjórnarinnar.

Nýsköpunartorg

Nýsköpunartorgið var haldið í Háskólanum í Reykjavík dagana 23. og 24. maí. Um var að ræða fagræðstefnu um starfsumhverfi og uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja og sýningu þar sem fyrirtæki og stofnanir kynntu árangur í nýsköpun.

BOXID - framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

BOXID var haldið í fjórða sinn 8. nóvember. Markmiðið er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði. Þau SUT fyrirtæki sem hafa tekið þátt eru Mentor og Betware 2011, Marorka og Skema 2012 og Marorka, Skema og TM Software 2013 og nú síðast Advania og Stiki.

Stjórnir og vinnuhópar sem SUT á fulltrúa í:

Hátækni- og sprotavettvangur - HSV

Markmið vettvangsins er að vinna að eflingu starfsskilyrða og uppbyggingu tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi. Þar hafa tækni- og hugverkahópar innan SI átt sæti ásamt fulltrúum ráðuneyta. Fulltrúi SUT á síðasta starfsári var Björn Ó. Ingv- arsson fyrrverandi starfsmaður CCP.

ICEPRO

Icepro er hlutlaus samstarfsvettvangur opinberra aðila, einka-fyrirtækja og lausnaraðila um rafræn viðskipti. Á aðalfundi Icepro í febrúar 2014 tók Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, sæti í stjórn félagsins f.h. SI. SUT vísaði tilnefningunni frá sér þar sem mat stjórnar var að hagsmunir þeirra væru litlir umfram önnur fyrirtæki og fælist þá helst í svokallaðri skeytamiðlun.

Íslandsstofa - fagræð hugverkaiðnaðar

Fagræð hugverkaiðnaðar er skipað af Íslandsstofu en leitað er til SI eftir tilnefningum. Stjórn Íslandsstofu hefur skipan ráðsins á sinni ábyrgð og að þessu sinni eiga þrjú fyrirtæki innan SUT sæti þar (Marorka, Trackwell, Tölvumiðlun og Vaki) auk framkvæmdastjóra og starfsmanns frá SI.



Samtök sprotafyrirtækja vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniiðnaðar á Íslandi.

Í stjórn Samtaka sprotafyrirtækja voru kjörin á síðasta aðalfundi Sigmar Guðbjörnsson, Stjórnú-Odda, formaður, Erlundur Steinn Guðnason, Stika, Gísli Kr. Green Cloud, Guðmundur Páll Línal, Brum Funding og Þorkell Jónsson, Samey. Í varastjórn voru kjörin Stefán Þór Helgason, Klak-Innovit og Perla Björk Egilsdóttir, Saga Medica.

Fyrirtæki innan SSP eru góður þverskurður tæknifyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, leikjaiðnaði, líftækni, orku- og umhverfistækni, heilbrigðisiðnaði/tækni, véltækni og byggingartækni. Í SSP eru um nú vel á sjöunda tug fyrirtækja.

Fjöldi félagsmanna hefur staðið í stað frá síðasta aðalfundi og nýliðun fyrirtækja á sviðinu virðist hægari núna en á árunum eftir hrun og vöxturinn minni samkvæmt upplýsingum í tengslum við Vaxtarsprotann. Þá hefur eignarhald fyrirtækjanna verið að færast í hendur erlendra aðila og í einhverjum tilvikum með flutningi höfuðstöðva þeirra úr landi.

Áherslur og verkefni 2014

Á árinu var áfram lögð áhersla á að fylgja eftir forgangsvirkum úr stefnumótun tækni- og hugverkagreina sem fram fór í maí 2011 og rædd voru og útfærð nánar á Tækni- og hugverkabingum í október sama ár og í febrúar 2013.

Tölfræði tækni- og hugverkagreina

Áfram hefur verið fylgt tillögum SI og HSV um umbætur í hag-tölugerð en Hagstofan vinnur að endurbættu fyrirtækjaskrá. Verkefnið hafði verið fjármagnað með 90 milljónum kr. framlagi á fjárlögum 2014 sem kom í stað IPA styrkja. Enn sem komið er sést takmarkaður árangur af þessu starfi hjá Hagstofunni sem þó virðist útflutningstölfræðin vera eitthvað fyrr á ferðinni en verið hefur .

Stefnumótun um fjármálaumhverfi í fremstu röð með LBÍ

Efnt var til stefnumótunarfundar tækni- og hugverkagreina í samstarfi við Landsbanka Íslands í apríl. Unnið hefur verið áfram með niðurstöðurnar í samstarfi við starfsmenn Landsbanka. Þróun þessarar vinnu verður kynnt nánar eftir því sem henni miðar fram.

Nýsköpunartorg 2014

Nýsköpunartorg 2014, fór fram í Háskólanum í Reykjavík 23. og 24. maí. Þetta var samstarfsverkefni sem beindi athygli að árangri í nýsköpun sem hefur átt sér stað í íslensku atvinnulífi á undanförunum árum og starfsumhverfi nýsköpunar. Nýsköpunartorgið var umgjörð um margþættan viðburð þar sem leitast var við að gefa heildarsýn á árangur, stöðu, starfsumhverfi, tækifæri og framtíð fyrirtækja á Íslandi sem byggjast á nýsköpun. Um var að ræða fagræðstefnu um starfsumhverfi og uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja og sýningu þar sem um 90 fyrirtæki og stofnanir kynntu árangur af nýsköpun.

Vaxtarsprotinn afhentur í áttunda sinn

Datamaket ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2014 sem er viðurkenning fyrir öflugan uppbyggingu sprotafyrirtækis á síðasta ári. Fyrirtækið jók sölutekjur sínar milli árána 2012 og 2013 um 134%. Fyrirtækin Valka, Nox Medical og Skema fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt.

Framhald markáætlunar um klasaverkefni um „Betri þjónustu fyrir minna fé“

Markáætlun um klasaverkefni er eitt þeirra verkefna sem hófst sem þriggja ára verkefni á tímabilinu 2011-2013. Tekist hefur að koma 5 til 6 verkefnum af stað á heilbrigðisviði, þremur á menntasviðinu og þremur á orkusviðinu.

Fjármagn til áframhaldandi verkefna á þessum sviðum liggur ekki fyrir en með eflingu Tækniþróunarsjóðs á árinu 2015 ætti svigrúm sjóðsins til að bæta við nýjum verkefnum þó að aukast.

Varnarbarátta fyrir Tækniþróunarsjóð og endurgreiðslur R&D - Aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs

Háð var hörð varnarbarátta fyrir Tækniþróunarsjóð og endurgreiðslur R&D við afgreiðslu fjárukalaga 2013 og fjárlaga 2014 í lok síðasta árs. Fyrir lágu tillögur um stórfelldan niðurskurð á báðum þessum þáttum á sama tíma og mikilvægi Tækniþróunarsjóðs við uppbyggingu hátækniðnaðar á Íslandi hefur líklega aldrei verið meira.

Þessum áformum var mótmælt kröftuglega í blaðagreinum og erindi sem sent var á alla þingmenn.

Sýnt var fram á að áhrif lækkunar yrðu neikvæð bæði fyrir arðsemi og greiðslufæði ríkissjóðs auk þess að gera Ísland síður aðlaðandi fyrir framsækið fólk og fyrirtæki í nýsköpun. Lagðar voru fram einfaldar og skýrar tölur sem sýndu vel þau áhrif.

Árangurinn af varnarbaráttunni í kringum afgreiðslu fjárlaga 2014 var að horfið var frá breytingum á lögum nr. 152/2009 og afturvirkri 150 mkr. lækkun á framlagi í Tækniþróunarsjóð fyrir árið 2013 sem boðað var í fjárukalögum árið 2013. Hins vegar varð fyrrnefnd lækkun á framlagi til sjóðsins á árinu 2014 að veruleika.

Önnur mál

Ýmis önnur mál, sem tengjast starfsemi SSP, má nefna:

- Frumvarp til laga um auknar heimildir til fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í óskráðum bréfum og First North.
- Stuðningur við Klak-Innovat – Seed Forum ofl.
- Minnisblað um aukna skilvirkni við innleiðingu umbóta í starfsumhverfi fyrirtækja.



Samtök heilbrigðisidnaðarins vinna að hagsmuna- og stefnumálum fyrirtækja á heilbrigðisviði og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar heilbrigðisidnaðar hér á landi.

Fyrirtæki innan SHI eru góður þverskurður fyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, líf- og genatækni, stoðtækjaframleiðsla, lyfjaframleiðsla, náttúrulegningaefni, lækningatækja og mælitækni. Í SHI eru vel á þriðja tug fyrirtækja sem falla undir fyrrnefnda skilgreiningu og hefur fjölgað frá stofnfundi. Þó er enn nokkur fjöldi fyrirtækja á sviðinu utan samtakanna, einkum fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref á þróunarbrautinni.

Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Jón Valgeirsson, Actavis á Íslandi, formaður, Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical, Magnús Oddsson, Össuri, Árni Þór Arnason, Oxymap og Garðar Þorvarðsson, Kviknu. Varamenn voru kosnir Börkur Arnviðarson, ARCTIC Sequentia og Hákon Sigurhansson, EMR.

Áherslur í starfi

Í aðdraganda að stofnun Samtaka heilbrigðisidnaðarins var unnið að stefnumótun fyrir greinina til ársins 2015. Margar af þeim tillögum um aðgerðir eða verkefni, sem þar komu fram, falla saman við almenna stefnumótun og forgangsverkefni annarra tækni- og hugverkagreina, s.s. áherslan á fjármögnun, skattalega hvata, menntamál, stoðkerfið og hagtölugerð. Sérstæku verkefni eru hins vegar í formi samstarfs við heilbrigðisstofnanir um þróun nýrra lausna, skráningar og leyfisveitingar lyfja, CE-merkingar á lækningatækjum, öryggisgæða- og útflutningsmál.

Í starfi SHI hefur verið lögð áhersla á að efla samstarfið innan heilbrigðisklasans með auknum tengslum við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og önnur fyrirtæki á heilbrigðisviði með bættu þjónustu, hagræðingu, verðmætasköpun og útflutning að leiðarljósi.

SHI hafa einnig staðið að almennum kynningar- og fræðslufundum fyrirtækja til að auka innbyrðis tengsl og kynningu, s.s. um vottunar- og merkingarmál, einkaleyfamál og markaðslegar kröfur.

SI/SHI meðumsækjendur í umsókn til Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar varðandi heilbrigðisþjónustu sveitarfélaga

Sú hugmyndafræði og verklag sem hafa verið viðhöfð í klasaverkefni um Betri þjónustu fyrir minna fé gæti nýst í nýju verkefni sem SI/SHI eru meðumsækjendur að á norrænum vettvangi með þátttöku sveitarfélaga í Reykjavík, Kaupmannahöfn, Osló og Helsinki. Í stuttu máli felst verkefnið felst í að kortleggja þarfir tengdar heilbrigðisþjónustu þessara sveitarfélaga og virkja fyrirtæki til samstarfs um að bregðast við þess-

um þörfum á nýjan og hagkvæmari hátt en áður. Í þessu felast margvísleg tækifæri til nýsköpunar og samstarfs bæði innan lands og milli landanna. Ekki liggur fyrir hvort umsóknin fær brautargengi en ef stuðningur fæst hefst verkefnið á þessu ári.

Markaðar tekjur Lyfjastofnunar

Samtök idnaðarins hafa bent á að endurskoða þarf umhverfi fjármögnunar Lyfjastofnunar, vegna sérverkefna sem stofnunin tekur að sér. Auk hefðbundinna verkefna getur Lyfjastofnun tekið að sér sértæk matsverkefni sem fyrirtæki í Evrópu geta sótt til Lyfjastofnana hvar sem er innan Evrópusambandsins og fyrirtækin greiða fyrir vinnuna. Verkefnið lúta öðrum lögmálum en hefðbundin eftirlit og rúmast illa innan fjárlagaramma stofnunarinnar. Brögð eru að því að greiðslur fyrir vinnuna skili sér ekki til stofnunarinnar. Samtökin telja réttlætismál að fyrirtæki greiði fyrir þjónustu ríkisins og að gjöldin standi undir þjónustunni en renni ekki til annarra verkefna ríkisins. Því þarf að tryggja að gjöldin renni til stofnunarinnar. Samtökin hafa átt fundi með stjórnvöldum og lýst áhyggjum af þessari stöðu. Óvissan í sambandi við rekstur stofnunarinnar rýrir traust fjárfesta hér á landi og verkefni fara úr landi vegna þessa.

Önnur mál sem tengjast starfsemi SHI :

Faghópur heilbrigðisidnaðar innan Íslandsstofu

Starfsemi og þjónusta Íslandsstofu í tengslum við idnað og þjónustu hefur verið endurskipulögð. Sérstakur hópur skipaður fulltrúum SHI hefur verið skipaður til að skoða útflutningsmál greinarinnar og hvernig helst ber að vinna að framgangi hennar. Í því sambandi hefur rætt um námskeiðahald og nánara samstarf innan Norðurlanda. Áfram verður unnið að útfærslu þessa máls á næsta ári.

Úttekt GEKON á heilbrigðisklasanum

Ráðgjafarfyrirtækið GEKON hefur ger úttekt á íslenska heilbrigðisklasanum. SHI hafa fylgst með framvindunni, án þess þó að taka koma með virkum hætti að þeirri vinnu. SHI þurfa að taka afstöðu til nánari aðkomu að málinu á þessu ári og kanna hvernig afrakstur þessarar vinnu nýtist sem best í starfsemi SHI.

Minnisblað um aukna skilvirkni við innleiðingu umbóta í starfsumhverfi fyrirtækja

Stjórnvöld vinna að því að einfalda og bæta stjórnásluna. Mikilvægt verkefni þar að lútandi er að samræma stefnumótun, áætlanagerð og vinnu ýmissa nefnda og umbótahópa. SI og HSV hafa átt nokkur samskipti við forsætisráðuneyti hvað þetta varðar og skrifað minnisblað í því sambandi.



Aðalfundur CleanTech Iceland var haldinn í nóvember. K.C. Tran frá Carbon Recycling International var endurkjörinn formaður. Aðrir í stjórn eru Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorku, Hilmir Ingi Jónsson, ReMAke Electric, Sigurður Eiríksson, Atlantic Green Energy og Guðný Reimarsdóttir, Eco Nord.

CleanTech Iceland er starfsgreinahópur fyrirtækja innan Samtaka idnaðarins sem starfa að því að bæta framleiðsluferla, framleiðni, nýtni, hráefna- og orkunotkun og að draga úr úrgangi, mengun og sóun. Á félagaskrá CTI eru 13 fyrirtæki sem öll vinna að þróun umhverfisvænna tæknilausna.

Helstu verkefni:

Oceana - öndvegisseturs um sjálfbæra nýtingu og vernd hafnsins

Í október var undirritað samkomulag um stofnun Oceana – öndvegisseturs um sjálfbæra nýtingu og vernd hafnsins. SI, CTI, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Reykjavíkurborg, háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki eru aðilar að samkomulaginu. Um er að ræða samstarfsvettvang um rannsóknir, þróun, framleiðslu og kynningu á tæknilausnum sem stuðla að vernd hafnsins.

Græna orkan

Græna orkan er klasasamstarf um orkuskipti sem miðar að því að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum. CTI tekur þátt í þessu samstarfi og kom meðal annars að málþingi um endurnýjanlega eldsneytisgjafa í samgöngum. Einnig var rætt við stjórnvöld um framtíðarstefnumótun um ívilnanir fyrir endurnýjanlega orkugjafa en það verkefni hefst á næsta starfsári.

Þátttaka í sýningum - Nýsköpunartorg og Íslenska sjávarútvegssýningin

CTI tók þátt í Nýsköpunartorgi sem haldið var í HR í maí. Fjöldmörg fyrirtæki voru með sýningarbása þar sem þau sýndu styrk og breidd greinarinnar.

Fjögur fyrirtæki innan CTI tóku þátt í Íslensku sjávarútvegssýningunni í september. Marorka, Carbon Recycling, Greencloud og Ark Technology voru með sameiginlegt svæði á sýningunni undir merki CTI. Fjöldi fólks sótti sýninguna sem tókst einstaklega vel.

Kortlagning viðskiptatækifæra

Lokið var við verkefni sem laut að kortlagningu viðskiptatækifæra í grænni tækni. Gefin var út skýrsla um framtíðarvöxt greinarinnar, markaðssvæði og tækifæri greinarinnar. Verkefnið var unnið í samstarfi við Íslandsstofu og Nýsköpunarmiðstöð. Stjórn CTI hefur tekið mið af skýrslunni í vinnu sinni og stefnumörkun.

Málstofa um orkustjórnun

CTI stóð fyrir vinnustofu um orkustjórnun í tengslum við Nýsköpunartorg þar sem kynntar voru tæknilausnir. Málstofan var haldin í samvinnu við Staðlaráð Íslands.

Kaffisþjall með mentor

SI hleyptu af stokkunum verkefninu að undirlagi stjórnar CTI þar sem fólki, sem rekur sprota- eða nýsköpunarfyrirtæki, er boðið að spjalla við reynda stjórnendur úr atvinnulífnum.

Hátækni- og sprotavettvangur

CTI tekur virkan þátt í starfi Hátækni- og sprotavettvangs. Jón Ágúst Þorsteinsson á sæti í vettvangnum fyrir hönd samtakanna. Einnig tók CTI ásamt fleiri tækni- og hugverkahópum innan SI þátt í stefnumótunarfundi Landsbankans og SI. Markmiðið var að vinna að bættu fjármögnunarumhverfi.



Á aðalfundi Félags ráðgjafarverkfræðinga 15. maí 2014 voru kjörnir í stjórn Bjarni Gunnarsson Hnit, Arinbjörn Friðriksson Eflu og Guðjón Jónsson VSÓ. Tryggvi Jónsson formaður og Magnús Kristbergsson voru kjörnir til tveggja ára á fyrra ári og voru því ekki í kjöri.

Áherslur og verkefni :

Mannvirkjaráð SI

FRV hefur tekið virkan þátt í nýju Mannvirkjaráði SI sem er samstarfsvettvangur verkfræðinga, verktaka og meistara. Markmið ráðsins er að vinna að breiðum og sameiginlegum hagsmunamálum þessara fyrirtækja og nýta þannig betur slagkraft samtakanna. Fyrstu verkefni ráðsins eru að hafa áhrif á mannvirkjalög og byggingareglugerð.

Opnir stjórnarfundir

Stjórn FRV hefur unnið að því að opna félagsmönnum félagið enn frekar en verið hefur og í því skyni haldið nokkra stjórnarfundir þar sem öllum félagsmönnum var boðið að sitja fundina. Fulltrúi í stjórn SI

Í mars 2014 var Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits, kjörinn í stjórn Samtaka iðnaðarins og í kjölfarið einnig í stjórn Samtaka atvinnulífsins. Það styrkir stöðu ráðgjafarverkfræðinga enda heyrast sjónarmið félagsins bæði hærra og víðar á vettvangi atvinnulífsins og stjórn mála.

Umsögn um rammaáætlun

Félagið gerði í ítarlega umsögn um þriðja áfanga rammaáætlunar. Í kjölfarið gerðu SA og SI umsögn um sama mál þar sem í einu og öllu var tekið undir sérfræðiálit félagsins.

Ímynd verkfræðinga

Á vettvangi félagsins hefur talsvert verið rætt um neikvæða ímynd verkfræðinga og/eða ráðgjafa sem þröngsýnum vísindamanni. Mikilvægt er að snúa þessari þróun við, sérstaklega hjá yngri kynslóðinni, því að bæði fællir hún ungt fólk frá því að fara í tækni- og vísindanám og stendur einnig í vegi fyrir almennri velferð og nauðsynlegum framkvæmdum sem eiga að auka lífsgæði. Þetta mál var einnig rætt talsvert við stéttarfélagið í tengslum við gerð nýs kjarasamning og þeirri hugmynd varpað fram hvort mögulegt er að vinna að bættri ímynd í sameiningu.

Athugun Samkeppniseftirlitsins

Athugun Samkeppniseftirlitsins vegna starfsemi FRV, sem hófst 2012 í kjölfar sameiningar Almennu verkfræðistofunnar og Verkís, er enn í gangi. Í kjölfarið var starfsmönnum beggja stofaanna gert að taka ekki þátt í starfsemi FRV. Að mati FRV hefur ekkert verið unnið í málinu og alls óvíst hvert það stefnir. FRV beitir sér fyrir að banni Verkís á þátttöku í starfi FRV verði aflétt enda sameiningin löngu gengin í garð og engin haldbær rök fyrir málinu.

Starfsskilyrði og kjarasamningur

Starfsskilyrði ráðgjafarverkfræðinga eru langt frá því að teljast viðunandi þótt hagvöxtur á síðasta ári hafi verið mjög góður. Hagvöxtur er drifinn áfram af einkaneyslu og þjónustuviðskiptum en fjárfesting er sem fyrr með minnsta móti en það vinnur gegn hagsmunum greinarinnar. Fjárfesting sem hlutfall af landsframléiðslu er aðeins um helmingur af langtímaeðaltali eða um 12-13% en fjárfesting er sem fyrr drifkraftur greinarinnar. Horfur á árinu 2014 eru óviðunandi. Árið 2013 minnkaði atvinnuvegafjárfesting um 10% en óx 2014 um 8%. Horfur á næsta ári eru nokkru betri en byggjast mjög á framvindu í orkufrekum iðnaði en mikil óvissa er hvort slíkar framkvæmdir hefjast á næstu misserum.



Aðalfundur SÍL var haldinn í október. Á fundinum var kjörinn nýr formaður, Björn Örvar, Orf Líftækni en hann tekur við af Ágústu Guðmundsdóttur. Inn í stjórn kemur einnig Orri Björnsson, Algalíf en Hörður Kristinsson, Matís, situr áfram frá fyrra ári en úr stjórn gekk Ása Brynjólfsdóttir, Blá lóninu.

SÍL er starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins og er vettvangur þar sem unnið er að hagsmunum- og stefnumálum líftæknifyrirtækja og eflingu líftækni iðnaðar hér á landi. Tíu fyrirtæki eru skráðir aðilar að SÍL.

Undanfarið ár hafa verkefni félagsins tekið mið af nýlegum áherslum SÍL. Leyfisveitingar fyrirtækjanna voru skoðaðar með það í huga að bæta ferli. Einnig var horft til markaðsmála og tækifæra í líftækni og fjölbreytni greinarinnar.

Eftirlit og leyfisveitingar vegna lækningatækja

Samtök iðnaðarins hafa fyrir hönd SÍL skrifað heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra bréf þar sem lýst er yfir áhyggjum af þjónustu við nýsköpunarfyrirtæki á sviði lækningatækja. Lyfjastofnun fer með eftirlit og leyfisveitingar samkvæmt lögum um lækningatæki en ekki hefur verið sett á fót nauðsynleg þjónusta til að sinna fyrirtækjunum. Þetta hamlar vexti innan greinarinnar og hefur orðið til þess að skráningar og rannsóknir eru gerðar erlendis. Lyfjastofnun ber að halda skrá yfir þá aðila sem framleiða og markaðssetja lækningatæki, hafa eftirlit með merkingum og öryggi lækningatækja, afgreiða umsóknir um klínískar prófanir á lækningatækjum og hafa eftirlit með framkvæmd. Mikilvægt er að þessi þjónusta sé fyrir hendi hér- lendis svo að greinin geti vaxið.

Fagráð hugverkaiðnaðar

Ágústa Guðmundsdóttir hefur setið í Fagráði hugverkaiðnaðar hjá Íslandsstofu síðastliðið ár sem fulltrúi líftæknifyrirtækja. Fagráðið ákvað að velja nokkur svið til að skoða betur og þar á meðal eru líftækni og heilbrigðisiðnaður. Í haust voru haldnir vinnufundir með fólki úr fyrirtækjum til að viðra sjónarmið og hugmyndir um samstarf Íslandsstofu og hópa fyrirtækja á þessu sviði. Haldið verður áfram með verkefnið á næsta ári.

Nýsköpunartorg

SÍL tóku þátt í að skipuleggja Nýsköpunartorg í Háskólanum í Reykjavík dagana 23. og 24. maí. Um var að ræða fagrastefnu um starfsumhverfi og uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja og sýningu þar sem fyrirtæki og stofnanir kynntu árangur í nýsköpun. Fjöldmörg líftæknifyrirtæki vöktu athygli fyrir áhuga- verðar kynningu.

AVS-rannsóknasjóður

Samstarf SÍL við AVS-rannsóknarsjóð hefur staðið síðan árið 2005. Verkefnastjórn líftækniþóps AVS er í höndum Bryndísar Skúladóttur sem einnig starfar með SÍL. Á síðasta ári mátti merkja aukna sókn í styrki á sviði líftækni.



Í stjórn DCI sitja nú Eyjólfur Magnús Eyjólfsson, Advania, formaður ásamt tveimur meðstjórnendum, Isaac Kato, Verne, og Gunnari Zoëga, Nýherja. Aðildafélög í lok árs 2014 voru fimm.

Áherslur 2014

Megináhersla hefur verið lögð á að fá skýrari lög um hvenær svo er litið á að erlend fyrirtæki, sem hýsa búnað eða kaupa hýsingarþjónustu á Íslandi, séu með fasta starfsstöð hérlendis og hvenær ekki. Mikil er í húfi fyrir rekstur gagnavera á Íslandi að ekki þurfi að stofna starfsstöð ef eingöngu er um rekstur netþjóna að ræða. Stjórn DCI hefur bent á þá leið sem farin er í Bretlandi hvað þetta varðar.

Mikilvægt er að stjórn málamenn geri sér grein fyrir mikilvægi þessa nýja iðnaðar sem undanfarin tvö ár hefur sannað tilveru sinn en sem dæmi um vöxt iðnaðarins hér á landi hafa orkukaup hans aukist úr 1 MW í 20 MW á einungis tveimur árum og Landsvirkjun gerir ráð fyrir að orkusala til gagnavera verði orðin 100 MW innan 5 ára.

Mikil vaxtartækifæri eru í rekstri gagnavera hér á slandi. Tækifærin felast í endurnýjanlegri orku, samkeppnishæfu orkuverði, náttúrulegri kælingu, tækniþekkingu, mannauði og stöðugu stjórnamála- og efnahagsumhverfi. Mörg afleidd störf fylgja starfsemi gagnaveranna, bæði í tengslum við uppbyggingu þeirra en ekki síst í sérhæfðum tæknistörfum sem skapast á grundvelli viðskiptanna.

Capacent vann m.a. úttekt fyrir stjórn DCI um gagnaver á Íslandi, áhrif þeirra og áskoranir en skýrslan hefur enn ekki verið birt opinberlega.

Í byrjun árs 2015 þegar fjármálaráðherra heimsótti gagnaverin í Reykjanesbæ gafst stjórn DCI tækifæri til að kynna hvernig iðnaðurinn hefur vaxið, tækifærin, helstu áskoranir og þá miklu alþjóðlegu samkeppni sem íslensk gagnaver standa frammi fyrir.



Samtök íslenskra tölvuleikjaframleiðenda eða Icelandic Game Industry voru stofnuð þann 25. september 2009 sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins.

Aðildarfélag IGI eru nú átta talsins: CCP, Betware, Fancy Pants Global, Plain Vanilla, Skema, Ymir Mobile, Lumenox og Alt-erego Studios.

Leikjaiðnaðurinn á Íslandi veltir um 9 millj. kr. á ársgrunni. Erfitt reynist að fá íslenskt áhættufjármagn og þau fyrirtæki sem komast á legg eru flest fjármöggnuð í gegnum erlenda fjárfesta.

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á starfsárinu. Auk þess voru haldnir nokkrir fundir vegna Game Creator þar sem öll stjórnin var boðuð auk starfsaðila.

Breyting varð á skipan stjórnar þegar kosinn formaður Stefanía Halldórsdóttir hjá CCP flutti til Kína. Tók Ólafur Andri Ragnarsson, Betware þá við formennskunni og Eldar Ástþórsson, CCP kom inn sem meðstjórnandi í hans stað.

Helstu verkefni:

Meetup

Ákveðið var að leggja áherslu á að endurverkja Meetup á starfsárinu og voru sex viðburðir haldnir þar sem fulltrúar leikjafyrirtækja kynntu starfsemi og verkefni sín. Game Creator

IGI stóð fyrir Game Creator – keppni um besta tölvuleikinn í samstarfi við Háskólann í Reykjavík í þriðja sinn 2014. Vinningshafi var liðið Indiánagil með leikinn Skuggasvein. Ákveðið var að leggja áherslu á að halda keppnina árlega en hún var ekki haldin árin 2012 og 2013.

Nordic Game Program – NGP

NGP er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og heyrir héraðs undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Fjármagn er veitt í uppbyggingu leikjaiðnaðarins á Norðurlöndum í gegnum þetta verkefni sem áætlað að ljúki árið 2015.

Nordic Game Institute – NGI

Norræn samtök leikjaframleiðenda, NGI, voru stofnuð í október 2012 og var stofnfundurinn haldinn hér á landi. Markmiðið er að gæta hagsmuna norrænna leikjaframleiðenda, skapa öflugan samstarfsvettvang og stuðla að uppbyggingu þessa ört vaxandi iðnaðar. Meðal verkefna er að standa fyrir norrænni leikjaráðstefnu árlega, byggja upp viðskiptasambönd og efna til kynningar á alþjóðlegum vettvangi auk þess að efna til samvinnu við annan skapandi iðnað. Stjórnarfundur NGI var haldinn á Íslandi í janúar 2014. Stjórnin hefur verið skipuð fulltrúum leikjasamtaka Norðurlandanna fimm auk Eriks

Robertsson frá Nordic Game Resources AB en nú bættist Katrín Jakobsdóttir alþingismaður við stjórnina sem „óháður“ aðili. Jónas B. Antonsson er núverandi fulltrúi IGI í stjórn. Einnig sat fundinn fulltrúi Íslands í leikjaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar.

Nordic Game ráðstefnan 2014 – NG14

NG14 ráðstefnan hefur verið haldin í Malmö í Svíþjóð undanfarin ár á vegum NPG. Stjórn IGI var beðin um að tilnefna dómara vegna NGAwards. Óskað var eftir að dómari væri tengdur fjölmiðla- og skemmtanaíðnaði og var Bjarki Þór Jónsson sem heldur úti vefsíðunni „Nörd norðursins“ fenginn í stöðuna.

Hægt hefur verið að sækja um þróunarstyrki (DEV grants) sem síðan er úthlutað á NG14. Að þessu sinni var metfjöldi umsókna eða samtals 184, þar af voru 10 frá íslenskum leikjafyrirtækjum. Ólafur Andri Ragnarsson var fulltrúi IGI í valnefndinni.

Nýsköpunartorg

Vinningshafar Game Creator tóku þátt í Nýsköpunartorgið var haldið í Háskólanum í Reykjavík dagana 23. og 24 maí og buðu gestum að spila leikina og hlaut það góðar undirtektir. Hátækni- og sprotavettvangur Tækni- og hugverkahópar innan SI eiga sæti í Hátækni- og sprotavettvangi. Fulltrúar IGI s.l. starfsár voru Stefanía Halldórsdóttir CCP og Ólafur Andri Ragnarsson Betware sem tók við af Stefaníu í febrúar 2014.

Fagráð lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu

Ólafur Andri hefur setið fyrir hönd IGI í fagráði lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu. Fagráðið er stjórn Íslandsstofu til stuðnings við stefnumótun í þessum málaflokkum. Ólafur Andri hefur tekið virkan þátt og lagt sitt af mörkum til þess að styðja við sameiginlega stefnu þeirra og IGI.

Samstarfshópur skapandi greina - YAIC

IGI hefur áheyrnarsæti í stjórn skapandi greina. Ólafur Andri hefur verið fulltrúi IGI í hópnum. Ráðstefnan You are in Control er eitt af lykilverkefnum hópsins. YAIC var haldin 3.-4. nóvember 2014, þá í sjöunda sinn. Að þessu sinni var Vala Halldórsdóttir fulltrúi IGI í hópi fyrirlesara en hún er stjórnandi efnistaka í QuizUp hjá leikjafyrirtækinu Plain Vanilla.

Fulltrúi í baklandi SAFT

SAFT (Safer Internet Centre) óskaði eftir fulltrúa IGI til að vera ráðgefandi og veita umsögn um það fræðsluefni sem SAFT útbýr og herferðir sem að mestu einskorðast við efni sem tengist tölvuleikjum. Viggó I. Jónasson hjá Fancy Pants Global tók það að sér fyrir hönd IGI.

Ljóst er að verðugt verkefni býður nýrrar stjórnar við að efna leikjaiðnaðinn og vinna að því með leikjafyrirtækjunum og hugverkaiðnaðnum innan SI að koma forgangsverkefnum IGI í framkvæmd.



Aðalfundur Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðanda var haldinn 3. júní 2014. Í stjórn voru kosnir Hilmar Sigurðsson formaður, GunHil, Guðrún Edda Þórhannesdóttir, Hughrif, Guðný Guðjónsdóttir, Saga film, Ingvar Þórisson, Hugó film og Anna María Karlsdóttir, Ljósband. Varamenn voru kosin Lilja Ósk Snorraddóttir, Pegasus og Júlíus Kemp, Kvikmyndafélag Íslands. Guðný og Júlíus komu ný inn en Kjartan Þór Þórðarson, SagaFilm, og Kristín Andrea Þórðardóttir, Poppoli, kvöddu stjórnina.

Aðildafélög í lok árs 2014 voru 32

Þar sem ekki var nægur fjöldi á aðalfundinum til að samþykka þær lagabreytingar sem lagðar voru fram á fundinum var boðað til aukaaðalfundar 30. júní þar sem fram lagðar breytingar voru samþykktar. Lilja Ósk Snorraddóttir sagði sig frá stjórnarstörfum í ágústlok og síðan hefur stjórnin starfað einum færri en ella væri.

Helstu verkefni stjórnar árið 2014:

Fjárlög 2015

Reynt var eftir megni að þrýsta á hækkan framlags til Kvikmyndasjóðs í fjárlögum 2015. Fjölmargar greinar voru skrifaðar, rætt við fulltrúa í fjárlaganefnd og erindi send til ráðherra. Núverandi samkomulag án breytinga vegna fjárfestingaráætlunar rennur út 2015. Fyrir hartnær ári óskuðu fagfélög í kvikmyndagerð eftir að samkomulagið yrði endurskoðað en menningarmálaráðuneytið hefur ekki svarað því erindi þrátt fyrir ítrekanir. SÍK mun áfram fylgja málinu eftir af fullum þunga ásamt öðrum sem eru útistandandi í ráðuneytinu. Þau helstu eru miðastyrkir, endurskoðun laga um höfundarrétt, þjónustusamningur ráðuneytisins við RÚV, nám á háskólastigi í kvikmyndagerð, samstarfshópur um skapandi greinar og varðveisla kvikmyndaarfsins. Niðurstaða fjárlagagerðar varð að framlög í kvikmyndasjóð verða kr. 774,7 millj. árið 2015.

Miðastyrkir

Lítið er að fréttá af útgáfu reglugerðar um miðastyrki en umsagnir voru sendar í júní. Vonast var til að ráðuneytið gæfi út reglugerð í lok sumars. Nýjustu fréttir eru þær að reglugerðin er komin í fjármálaráðuneytið og hefur verið send ESA til umsagnar. SÍK hefur ítrekað fylgt málinu eftir en það hefur nú verið að veltast í ráðuneytinu í meira en tvö ár.

Endurskoðun á lögum um tímabundna endurgreiðslu – 20% verði 25%

SÍK hefur setið samráðsfundi í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem verið er að ræða endurskoðun núverandi laga sem renna út í árslok 2016. Þar hefur komið fram að vilji er til að framlengja og jafnvel styrkja þetta úrræði og óskað eftir að kvikmyndagerðin komi með tillögum að breytingum sem samræmast nýjustu tilskipunum ESA. Að beiðni ráðuneytisins skilaði SÍK inn sínum áherslum í samvinnu við Íslandsstofu í kjölfar beiðni þess efnis frá ráðuneytinu.

Samkomulag um samningsform við RÚV

Stjórn SÍK og stjórnendur RÚV héldu sameiginlega fundarröð á árinu þar sem farið var ítarlega yfir málefni eins og hlutverk RÚV sem meðframleiðanda, kaup á efni frá sjálfstæðum framleiðendum, dagskrárstefnu RÚV, skilgreiningar á framleiðslukostnaði og kaup á sýningarrétti. Niðurstaðan verður vonandi drög að samningaformi sem framleiðendur geta nýtt í samningagerð við RÚV.

Ný lög um höfundarrétt

SÍK vinnur að því að margboðuð endurskoðun höfundarréttarlaga komi fram á þingi. Í nýjumtillögum eru meðal annars ákvæði sem skerpa á eignar- og höfundarrétti verka og skilgreiningar á hvernig fagfélög heilla greina geta fengið staðfest að þau fari með réttindi viðkomandi greinar. Þar með styrktist staða SÍK umtalsvert gagnvart öðrum viðsejendum.

Tímaflakk Símans

SÍK hefur nú átt í viðræðum við Símann í yfir tvö ár m.a. um tímaflakk Símans. Þar sem erfitt virðist vera að fá skýr svör um hvort Síminn hyggt semja um þessi réttindi við framleiðendur er SÍK að kanna hvort rétt er að fara í prófmál gagnvart Símanum. Þannig fengist úr því skorið hvernig dómsstólar meðhöndla slík mál en ljóst er að Evrópudómstólar hafa viðurkennt rétt framleiðenda í sambærilegum málum.

IHM úthlutun vegna 2012

Því miður hefur orðið talsverður dráttur á að tekjum úr Innheimtumiðstöð gjalda sé skilað til framleiðenda. Það er bæði vegna dráttar á uppgjöri frá IHM og þekkingaryfirfærslu verkefnisins til Samtaka iðnaðarins. Þessar greiðslur hafa lækkað talsvert og fjárhæðin, sem er til skiptanna vegna ársins 2012, nemur 730 þúsund krónum.

Kjarasamningar við FÍL – félag íslenskra leikara

SÍK og FÍL undirrituðu kjarasamninga í nóvember með fyrirvara um samþykki aðildarfélaga. Í atkvæðagreiðslu samþykktu aðildarfélag SÍK einróma hinn nýja samning. Á vefsíðu SÍK er kynning þar sem farið er yfir samninginn, helstu breytingar og gefin dæmi um útreikninga. Auk þess má þar finna samninginn og reikni líkan sem er ætlað að aðstoða framleiðendur við að meta kostnað af honum.

Ósk um gerð kjarasamninga við FK - Félag kvikmynda-gerðarmanna

Stjórn FK hefur komið á framfæri formlegri ósk um viðræður um kjarasamning fyrir fólk sem starfar í kvikmyndagerð. Stjórn SÍK vísaði málinu til meðferðar hjá Samtökum atvinnulífsins sem fara með kjarasamningsumboð fyrir hönd SÍK.

Ný vefsíða SÍK

Gerðar hafa verið breytingar á vefsíðu SÍK – www.producers.is. Helstu breytingarnar eru að nú keyrir vefsíðan á WordPress vefkerfi. Fyrri kerfi var orðið mjög dýrt í vistun og því var ákveðið að hætta notkun þess og flytja síðuna yfir á opið kerfi. Strax á næsta ári mun þetta leiða til umtalsverðrar lækkunar á rekstrarkostnaði síðunnar en gert er ráð fyrir að hann verði einungis um 10% af því sem hann var orðinn í ár.

Nýir hópar innan SI



Þann 31. mars voru undirritaðir samningar um aðild Samtaka arkitektastofa, SAMARK, að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Ögmundur Skarphéðinsson, formaður SAMARK og Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, skrifuðu undir samninga sem tóku strax gildi.

Samtök iðnaðarins fagna þessum góða liðsauka enda hafa arkitektastofur margþætta snertifleti við ýmis svið íslensk iðnaðar. Með aðildinni taka SI að sér almenna hagsmunagæslu fyrir SAMARK og daglega umsýslu sem verður þróuð frekar að lokinni stefnumótun sem er fyrirhuguð innan skamms.

Í stjórn SAMARK sitja Ögmundur Skarphéðinsson, formaður, Ásdís Helga Ágústsdóttir og Helgi Már Halldórsson.

Samtök skipaiðnaðarins - nýr starfsgreinahópur innan SI - var stofnaður 12. desember. Formaður var kjörinn Þröstur Auðunsson hjá Trefjum og varaformaður Sverrir Bergsson í Seiglu. Aðrir í stjórn og varastjórn voru kjörnir Ari Elísson hjá Víkingbátum, Reginn Grímsson hjá Mótun og Andri Þór Gunnarsson hjá Infuse ehf.

Á fundinum var farið yfir stefnumótun greinarinnar sem fram fór í nóvember.

Nýrrar stjórnar bíður að skipuleggja framhaldið með starfsmönnum Samtaka iðnaðarins. SI óska fyrirtækjum í greininni til hamingju með þennan nýja vettvang.



Starfmenn Samtaka iðnaðarins í árslok 2014



Almar Guðmundsson,
framkvæmdastjóri



Jón Bjarni Gunnarsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Árni Jóhannsson, forstöðumaður
mannvirkja, -mál og véltækisviðs



Ásbjörn Jóhannesson,
forstöðumaður rafíðnaðarsviðs



Bjarni Már Gylfason,
hagfræðingur



Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála



Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður
stefnumótunar og nýsköpunar



Ferdinand Hansen,
verkefnastjóri gæðamála



Friðrik Á. Ólafsson,
forstöðumaður byggingasviðs



Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðu-
maður hugverkaíðnaðar og mannaúts



Ragnheiður Héðinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs



Rakel Pálsdóttir,
forstöðumaður almannatengsla



Sigurður B. Halldórsson,
lögfræðingur



Póra Ólafsdóttir,
umbrot

Nýir félagsmenn SI

Í lok árs voru félagsmenn SI 1.341. Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 19 fyrirtækjum beina aðild á liðnu ári og eru þau þessi:

Algalíf Iceland ehf.
Verktakafyrirtækið Grjótga ehf.
Maskína-rannsóknir ehf.
Malbiksviðgerðir ehf.
Kolbrún grasalæknir ehf.
Foss distillery ehf.
Byggingafélagið Bakki ehf.
Codeiak ehf.
EcoNord Solutions ehf.
Evris ráðgjöf ehf.
Borealis Data Center ehf.
Einar E. Jóhannesson
Fannar Magnússon ehf.
geoSilica Iceland ehf.
GMR Endurvinnslan ehf.
Janus endurhæfing ehf.
Náttúran er ehf.
Vélsmiðja Steindórs ehf.
Norður ehf.

Samtök arkitektastofa

Adamsson ehf. - Arkitektastofa
AF arkitektar ehf.
Albína Hulda Thordarson
ALARK arkitektar
Argos ehf.
Arkitektarstofan OG ehf.
Arkitektur.is ehf.
Arkís arkitektar ehf.
Arkþing ehf.
ASK arkitektar ehf.
Batteríið Arkitektar ehf.
BASALT arkitektar ehf.
Hornsteinar
Kanon arkitektar ehf.
Landslag ehf.
PK-Arkitektar ehf.
Teiknistofa Gunnars Hanssonar
Teiknistofan Arkitektar ehf.
Teiknistofan Tröð ehf.
Teiknist. Arkitekta Gylfi G og félagar ehf.
THG Arkitektar ehf.

Úti og inni sf.
VA arkitektar ehf.
Vinnustofan Þverá ehf.
Yrki arkitektar ehf.
ATT arkitektar ehf.
Teiknistofan Storð ehf.

SART

Ares tækni ehf.
Dæluhúðun ehf.
Eltec ehf.
Raffó ehf.
Raf og boðlagir ehf.
ÞA raf sf.
Rafstöð Djúpavogs ehf.

Ljósmyndarafélag Íslands

Ófeigur Lýðsson
Gísli Hjálmar
Siljar Rut Thorlacius
Halldóra Sigurlaug Ólafsdóttir
The Icelandic Photo Company ehf.

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði

250 litir ehf.
Valgeir Þórður Sigurðsson
Ólafur S. Vilhjálmsson
SB verk ehf.
Lagnavirkjun ehf.
Húsbygging ehf.
GK hús ehf.
Gunnar Bergsveinsson
JT litir ehf.
Þórs smíði ehf.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda

Askja Films ehf.
HALIBUT slf.
Ljósop ehf.
Skotta ehf.
Vintage Pictures ehf.

Meistarafélag Suðurlands

Kappar ehf.
Þingvað ehf.

Félag íslenskra gullsmiða

Hringa slf.
Gling Gló

Málmur

Vélsmiðja Suðurlands ehf.

Félag vinnuvélaeigenda

B. Sturluson ehf.
Heflun ehf.
Malbikun K-M ehf.

Meistarafélag hársnyrta

Elegant ehf.
Greiðan hárgreiðslustofa slf.

Félag íslenskra snyrtifræðinga

Megabe ehf.
Snyrti- og fótaaðgerða Fixa ehf.

Múrarmeistarafélag Reykjavíkur

Múrsmíði ehf.

Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum

Arey ehf.
Benni pípari ehf.
Bragi Guðmundsson ehf.
Carl B Grönz
Einar Hannesson
Fagtré ehf.
GIG fasteignir ehf.
Hagtré ehf.
Hannes Einarsson
Hápipan ehf.
Heimir Sigursveinsson
Húsabygging ehf
Húsagerðin ehf.
Lagnaþjónusta Suðurnesja ehf
Lyfta ehf.
Málningarþjónustan J-R-J ehf.
Meistarafélag byggingam Suðurn
Neslagir slf.
OSN ehf.
Rörlagningamaðurinn ehf
Rörvirki sf.
Skúmur ehf.



Sparri ehf.
Trésmiðja Sölvu ehf.
Trésmíði Guðjóns Guðmundssonar ehf.
TSA ehf
Vatnsafl - Pípulagnir ehf.
Víkuras ehf
Ýrlagnir ehf.

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda

Trésmiðja Ísafjarðar ehf.

Félag veggfóðrara- og dúklagn-ingameistara

Ólafur Jónsson Dúklagnm. ehf.
Haraldur Heimir Isaksen
Siggi-Dúkari ehf.

Samtök skipaframleiðenda

Seigla ehf.
VPH fasteignir ehf.
Víkingsbátar ehf.

Meistarafélag húsasmiða

Andrés Freyr Gíslason
Árni Jóhannesson
Árni Sveinbjörnsson
Bergur Ingi Arnarson
Birgir Reynisson
Bjarni Már Bjarnason
Bragi Gunnarsson
Brynjar Einarsson
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Edward Sigurðsson
Einar Sigurðsson
Garðar Ólafsson
Guðjón Hilmarrson
Guðmundur Björn Gunnarsson
Guðmundur H. Ásgeirsson
Guðmundur Már Ástþórsson
Guðni Guðjónsson
Haflíði Bárður Harðarson
Halldór Einarsson
Halldór Svansson
Hans R. Þorsteinsson
Haukur Ólafsson

Hörður Ágústsson
Jóhann Friðbjörnsson
Jón Ebba Halldórsson
Karl Júlíus Sigurgíslason
Kristján Ólafsson
KS hús ehf.
Magnús Valur Albertsson
Pétur Guðmundsson
Pétur Jóhannesson
Pétur Þórarinnsson
Ragnar Baldvinsson
Ragnar Sveinsson
Reynir Gylfason
Sigurður Andrés
Sigurður H. Ragnarsson
Sigurður Sveinbjörnsson
Viðar Jónasson
Þórhalli Einarsson
Óli Þorleifur Óskarsson
Viðmið ehf.
Pálmatré ehf.
Þróun og Lausnir ehf.

Febrúar 2015
Útgefandi: Samtök iðnaðarins,
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími 591 0100, mottaka@si.is, www.si.is
Ábyrgðarmaður: Almar Guðmundsson
Ritstjórn: Rakef Pálsdóttir
Ljósmyndir: Odd Stefán
Forsíðuhönnun: Brandenburg
Umbrot: Sigrún K. Árnadóttir
Prentun: Prentækni ehf.



Borgartúni 35 105 Reykjavík Sími 591 0100 Fax 591 0101 mottaka@si.is